

Svæðisskipulag

Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

2018-2030



Njótum hlunninda!

Maí 2018

**Svæðisskipulag
Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar
2018-2030**



Dalabyggð

Reykhólahreppur

Strandabyggð

Tillaga að Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 var auglýst skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 26. janúar 2018 til og með 12. mars 2018. Umhverfisskýrsla tillögunnar var auglýst á sama tíma, sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030, ásamt umhverfisskýrslu, var afgreitt af svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna þriggja skv. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þann 26. mars 2018.

Fulltrúar Dalabyggðar

Fulltrúar Reykhólahrepps

Fulltrúar Strandabyggðar

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030, ásamt umhverfisskýrslu, var afgreitt af sveitarstjórnunum þremur skv. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 í apríl 2018.

Samþykkt 10. apríl 2018 af sveitarstjórn Strandabyggðar

Samþykkt 11. apríl 2018 af sveitarstjórn Reykhólahrepps

Samþykkt 16. apríl 2018 af sveitarstjórn Dalabyggðar

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. þann _____

Undirritaða útgáfu er að finna í skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar.

EFNISYFIRLIT

1	Um svæðisskipulagið	2	5	Svæðismark	18	9	Umhverfis- og skipulagsstefna	66
1.1	Tildrög svæðisskipulasverkefnis	2	5.1	Loforð um upplifun	18	9.1	Samhengi við stefnu í 6-8. kafla	66
1.2	Tilgangur og markmið	3	5.2	Samsetning svæðismarks	18	9.2	Landnotkun og auðlindanýting	67
1.3	Hlutverk svæðisskipulags	4	5.3	Kjarni svæðisins: Hlunnindi	19	9.3	Verndun	68
1.4	Áherslugreinar og útgangspunktar	5	5.4	Sérkenni svæðisins	19	9.4	Vegakerfi	69
1.5	Svæðisskipulagsnefnd	5	5.5	Ávinningur af dvöl	20	9.5	Göngu- og reiðleiðir	70
2	Uppbygging svæðisskipulagsins	8	6	Landbúnaður	22	9.6	Veitukerfi	71
2.1	Forsendugrunnur í fylgiskjali	8	6.1	Forsendur	22	9.7	Landslag og mannvirkjagerð	72
2.2	Framtíðarsýn og leiðarljós	9	6.2	Markmið	26	9.8	Samsett aðalskipulag	73
2.3	Svæðismark	9	6.3	Leiðir að markmiðum	27	10	Framfylgd	76
2.4	Sóknarmarkmið	9	7	Sjávarnytjar	32	10.1	Samstarfsvettvangur	76
2.5	Umhverfis- og skipulagsstefna	10	7.1	Forsendur	32	10.2	Verkfæri og samráð við framfylgd	77
2.6	Umhverfisskýrsla í fylgiskjali	10	7.2	Markmið	36	11	Ágrip af umhverfismati	80
2.7	Framfylgd	10	7.3	Leiðir að markmiðum	37	11.1	Efni umhverfisskýrslu	80
2.8	Skýringarkort og ljósmyndir	10	8	Ferðapjónusta	42	11.2	Nálgun við umhverfismat	80
3	Mótun svæðisskipulagstillögu	12	8.1	Forsendur	42	11.3	Niðurstaða umhverfismats	81
3.1	Gangsetning	12	8.2	Markmið	46	Heimildir og ítarefni		84
3.2	Verkefnislýsing	12	8.3	Leiðir að Markmiðum	47	Umsagnaraðilar		87
3.3	Greining og úrvinnsla	13	8.4	Leiðarkerfi	51			
3.4	Stefnumótun	13	8.5	Breiðafjarðarleið	55			
3.5	Kynning og umsagnir	13	8.6	Dalaleið	57			
3.6	Auglýsing tillögu	13	8.7	Vesturslaufan / Vesturáttan	59			
3.7	Afgreiðsla tillögu	14	8.8	Strandaleið	61			
4	Framtíðarsýn og leiðarljós	16	8.9	Gönguleið	63			
4.1	Atvinnulíf, mannlíf, staðarandi	16	8.10	Reiðleið	64			
4.2	Umhyggja, virðing, ást	16						






1 Um svæðisskipulagið

1.1 TILDRÖG SVÆÐISSKIPULASVERKEFNIS

Sveitarfélögin Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð hafa haft með sér margvíslegt og vaxandi samstarf. Veturinn 2015 ákváðu sveitarstjórnir þeirra að eiga fund til að ræða möguleg tækifæri tengd frekara samstarfi. Fundurinn var haldinn í Tjarnarlundi í Saurbæ þann 31. mars 2015 og var Árneshreppi og Kaldrananeshreppi einnig boðið að senda fulltrúa. Á fundinum voru 19 sveitarstjórnarfulltrúar, 7 frá Dalabyggð, 5 frá Reykhólahreppi, 6 úr Strandabyggð og 1 frá Kaldrananeshreppi. Fulltrúi frá Árneshreppi komst ekki vegna veðurs.

Á fundinum var farið yfir áskoranir sveitarfélaganna í byggðamálum og rætt um ávinning af því að takast á við þær með samvinnu í einu eða öðru formi; á vegum hins opinbera, félagasamtaka eða fyrirtækja. Sameiginleg áhyggjuefni sem komu fram voru m.a. fólksfækkun, hækkandi meðalaldur, lélegar samgöngur og fjarskipti og veikir innviðir að öðru leyti. Einnig einhæfni atvinnulífs og skortur á störfum á svæðinu fyrir ungt fólk að námi loknu, sem og skortur á stuðningi við

nýsköpun í atvinnulífinu. Fram kom að svæðið þjónaði ferðafólki ekki nægilega vel og að nýta mætti betur tækifæri í þeirri vaxandi atvinnugrein. Mikilvægt var talið að taka höndum saman við uppbyggingu sameiginlegra innviða og að styrkja ímynd svæðisins m.t.t. ferðapjónustu. Samantekt af umræðum fundarins, „Að búa í haginn – samstarf til sóknar“, er aðgengileg á vefsíðum sveitarfélaganna (Alta 2015). Í henni er bent á tækifæri til samvinnu milli sveitarfélaganna, s.s. í stjórnsýslu, félagsþjónustu, skólamálum, tómstundastarfi, heilbrigðisþjónustu og atvinnumálum. Einnig er bent á möguleika sveitarfélaganna til samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök. Í framhaldi af þessu samtali og eftir frekari skoðun ákváðu sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar að vinna að sameiginlegri svæðisskipulagsáætlun til að stilla betur saman strengi og virkja samtakamáttinn. Kaldrananeshreppur og Árneshreppur ákváðu að vera ekki með, a.m.k. að svo stöddu.



Kort 1 Mörk sveitarfélaganna sem eru aðilar að svæðisskipulaginu

Heimild: Landmælingar Íslands

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Með áætlunargerðinni vilja sveitarfélögin þrjú móta og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn á þróun svæðisins í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Með því að greina tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og móta á þeim grunni markmið í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum og síðan skipulagsstefnu sem styður við þau, eru væntingar um að ná meiri árangri en ella við að takast á við áskoranir í byggðamálum. Í þessum tilgangi eru markmið svæðisskipulagsverkefnisins að það leiði til:

- *Aukinnar samvinnu sveitarfélaganna um eflingu atvinnulífs og byggðar* – með því að móta sameiginlega framtíðarsýn og markmið til að vinna eftir og forgangsraða samstarfsverkefnum og verkefnum sveitarfélaganna á þeim grunni.
- *Sterkari sjálfsmyndar samfélaga á svæðinu og aukinnar samheldni þeirra* – með því að greina tengsl íbúa við sitt svæði og draga þau fram í stefnumótuninni.
- *Sterkari ímyndar svæðisins og aukins aðdráttarafls gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum* – með því að skýra sérkenni svæðisins og marka stefnu sem styrkir þau og nýtist jafnframt fyrirtækjum í ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum til vöruþróunar og markaðssetningar.
- *Nýrra fyrirtækja, þjónustu og vöru sem byggja á sérkennum og auðlindum svæðisins* – með því að draga fram, ræða og gera aðgengilegar upplýsingar um auðlegð svæðisins og tækifæri sem í henni búa, ásamt því að móta stefnu um nýtingu hennar og verndun.
- *Aukins fjármagns til svæðisbundinna verkefna og annarra verkefna sem falla að sameiginlegri langtímasýn svæðisins í svæðisskipulaginu* – með því að setja einstök verkefni í stærra samhengi í tíma og rúmi.



1.3 HLUTVERK SVÆÐISSKIPULAGS

Í samræmi við framangreind markmið er hlutverk svæðisskipulagsins að undirbyggja, marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs, samfélags og umhverfis svæðisins og útfæra þá sýn m.t.t. skipulagsmála. Svæðisskipulaginu er þannig ætlað að vera eigin byggðaaætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Orðið áætlun er hér undirstrikað til að leggja áherslu á að svæðisskipulag er stefnumarkandi áætlun eða strategísk áætlun (e. strategic

spatial plan). Hugtakið „strategía“ táknar í þessu samhengi áætlun sem miðar að því að ná tilteknum markmiðum eftir skilgreindum leiðum. Framfylgd áætlunarinnar er lykilatriði og að því er snýr að skipulagi gerist hún einkum með frekari skipulagsvinnu, mannvirkjagerð og umhverfismótun. En þar sem þessi áætlun sveitarfélaganna þriggja er jafnframt nýtt til að samtvinna skipulagsstefnu við stefnu í atvinnumálum og menningar- og menntamálum, þá mun framfylgdin einnig fara fram með frekari áætlunargerð, tilteknum framkvæmdum, ýmiskonar verkefnum og viðburðum, samstarfi milli aðila eða ákveðnum stjórnunarháttum. Hér er því verið að nýta svæðisskipulag sem verkfæri til byggðapróunar.

1.4 ÁHERSLUGREINAR OG ÚTGANGSPUNKTAR

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna þrígga ákváðu við upphaf verkefnisins að í því yrði lögð áhersla á þrjú svið; *landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu*. Til að móta stefnu fyrir þessi svið hefur verkefnið tvo meginútgangspunkta. Þeim fyrri má lýsa með yfirskrift verkefnisins sem er „*Samtakamátturinn virkjaður!*“. Í því felst að leitast er við að virkja samtakamátt samfélagsins til að efla byggðina, með því að tengja á milli sveitarfélaga, atvinnugreina og einstaklinga. Síðari punkturinn snýr að „auðlindagrunni“ svæðisins og því að draga fram tækifæri sem felast í náttúruauðlindum, landslagi, sögu, menningu og mannauði og hvernig megi nýta þau tækifæri til að efla byggð.

Orðið „*tenging*“ lýsir einnig mikilvægri áherslu verkefnisins þar sem í því er leitast við að tengja á milli:

- Sveitarfélaga og landshluta, s.s.
 - sóknaráætlaða landshluta
 - sóknaráætlaða og skipulagsáætlaða
 - aðalskipulagsáætlaða sveitarfélaganna
 - landskipulagsstefnu og svæðisskipulags
- Atvinnugreina og málaflokka, s.s.
 - landbúnaðar og ferðaþjónustu
 - atvinnuþróunar og skipulagsmála
 - skipulagsmála og markaðsmála
- Svæða innan sveitarfélaganna og við nágrannasvæði, s.s.
 - eins áfangastaðar (ferðasvæðis) og annars
 - dreifbýlis og þéttbýlis

1.5 SVÆÐISSKIPULAGSNEFND

Í samræmi við skipulagslög var við upphaf verkefnisins sett á fót svæðisskipulagsnefnd og í henni sitja:

- Frá Dalabyggð: Halla Steinólfsdóttir og Hörður Hjartarson sem aðalfulltrúar. Jóhannes Haukur Hauksson og Ingvaldur Guðmundsdóttir sem varafulltrúar.
- Frá Reykhólahreppi: Karl Kristjánsson og Ágúst Már Gröndal sem aðalfulltrúar. Áslaug Berta Guttormsdóttir og Sandra Rún Björnsdóttir sem varafulltrúar.
- Frá Strandabyggð: Haraldur V. A. Jónsson og Ingibjörg Emilsdóttir sem aðalfulltrúar. Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Gísli Jónsson sem varafulltrúar.

Á fyrsta fundi sínum þann 23. febrúar 2016 setti nefndin sér starfsreglur sem sveitarstjórnir samþykktu og sendar voru til Skipulagsstofnunar til umsagnar. Reglurnar tóku gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. júní 2016 að undangenginni umsögn Skipulagsstofnunar, sbr. 9. gr. skipulagslaga. Reglurnar varða t.d. hlutverk nefndarinnar, skipan í hana, fundahöld og fundargerðir og þær má nálgast á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is.

Svæðisskipulagið er verkfæri til að:

1. Setja fram sameiginlega framτίðarsýn og meginstefnu í atvinnu-, samfélags –og umhverfismálum í þeim tilgangi að styrkja byggð á svæðinu.
2. Marka skipulagsstefnu um landnotkun og grunngerð sem styður við meginstefnuna og til nánari útfærslu í aðalskipulagi.
3. Skilgreina verkefni sem stuðlað geta að framτίðarsýnni, þ.m.t. framkvæmdaverkefni og önnur verkefni á sviði atvinnulífs, samfélags og umhverfis.
4. Leggja línur fyrir framfylgd svæðisskipulagsins, þ.m.t. frekari áætlunar- og skipulagsgerð, hlutverk og samvinnu aðila og forgangsriðun verkefna.







2 Uppbygging svæðisskipulagsins

2.1 FORSENDUGRUNNUR Í FYLGISKJALI

Forsendugrunnur svæðisskipulagsins er settur fram í fylgiskjali, en helstu forsendur sóknarmarkmiða hvernar áherslugreinar; landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu, eru dregnar fram í viðeigandi köflum þessara tillögudraga (sjá 5.-8. kafla).

Við forsendugreininguna voru tiltæk landupplýsingagögn nýtt til að setja fram kort af auðlindum svæðisins og sérkennum þess í landslagi og sögu. Fyrir hverja auðlind er sett er fram „póstkort“ með mynd og stuttum texta. Það var gert í tvennum tilgangi:

- Til að lýsa núverandi umhverfi í samræmi við lög um umhverfismat áætlana en hver auðlind samsvarar einum þætti umhverfis (umhverfisþætti), eins og það er skilgreint í lögum um umhverfismat áætlana, sjá nánar kafla 2.6.
- Til að greina tækifæri til frekari þróunar atvinnulífs, einkum m.t.t. áherslugreina verkefnisins; landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu.

Yfirlitinu og greiningunni er jafnframt ætlað að nýtast við endurskoðun aðalskipulags þegar þar að kemur. Öll kort eru aðgengileg á verkefnisvefnum www.samtakamattur.is, svo íbúar og aðrir áhugasamir geti nýtt sér þau, t.d. í skólastarfi eða við þróun og kynningu á vörum eða þjónustu.

Auk greiningar á auðlindum og sérkennum svæðisins var farið yfir íbúapróun og þróun atvinnulífs sl. áratugi og stöðu innviða lýst. Út frá því yfirliti voru greindar helstu áskoranir sem samfélög svæðisins standa frammi fyrir, s.s. hvað varðar aldurssamsetningu íbúafjöldans, fjölbreytni atvinnulífs, framboð á þjónustu og stöðu stofnkerfa á svæðinu.

Af framangreindu yfirliti yfir umhverfi, atvinnulíf og samfélag voru dregnar ályktanir um viðfangsefni og áherslur fyrir svæðisskipulagsgerðina. Sú greining ásamt yfirlitinu var sett fram í greiningarskýrslu sem kynnt var og send til umsagnar í febrúar 2017, sjá nánar í kafla 3.3.



2.2 FRAMTÍÐARSÝN OG LEIÐARLJÓŠ

Sett er fram sameiginleg *fram tíðarsýn* fyrir sveitarfélögin þrjú sem lýsir, í stuttu máli, þeim árangri sem sveitarfélögin vilja ná á næstu 15 árum (sjá 4. kafla). Einnig eru sett fram leiðarljóš sem sveitarfélögin munu hafa í hávegum við það starf. Sýninni og leiðarljósunum er ætlað að vera innblástur í því starfi sem framundan er.

Framtíðarsýn byggir á sjónarmiðum og hugmyndum sem komu fram á samráðsfundum sem haldnir hafa verið (sjá 3. kafla), fundum svæðisskipulagsnefndar og rýni á fyrirliggjandi heimildum.

2.3 SVÆÐISMARK

Svæðismark fylgir framtíðarsýninni eftir með því að skilgreina þau sérkenni svæðisins sem sveitarfélögin eru sammála um að viðhalda og styrkja (sjá 5. kafla). Markið er sett fram í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi til að styrkja sjálfsmynd samfélaganna með því að draga fram anda og gæði svæðisins og um leið stuðla að því að heimamenn séu sjái ýmsa möguleika til þróunar á grunni þessara gæða. Í öðru lagi er svæðismarki ætlað vekja jákvæða athygli á gæðum svæðisins og tækifærum sem í þeim búa, út á við, og laða þannig að nýja íbúa, fleiri gesti og ný fyrirtæki.

2.4 SÓKNARMARKMIÐ

Markmið sveitarfélaganna til sóknar, snúa að *áherslugreinum* svæðisskipulagsins; landbúnaði, sjávarnytjum og ferðaþjónustu (sjá 6., 7. og 8. kafla). Fyrir hverja þessara greina eru sett fram sóknarmarkmið og skilgreindar leiðir að þeim sem snúa að umhverfismálum (umhverfi og auðlindir), atvinnumálum (framleiðsla og starfsemi) og menningarmálum (menning og þekking). Þannig er stuðlað að því að sótt sé fram á öllum helstu sviðum og að þau styðji hvert við annað. Fyrir hvert þessara sviða og hverja áherslugrein er *forsendum* lýst, sett fram *markmið* og *leiðir* að markmiði.

ÁHERSLUGREINAR

SVIÐ	Landbúnaður	Sjávarnytjar	Ferðapjónusta
Umhverfi og auðlindir	forsendur – markmið – leiðir		
Framleiðsla og starfsemi	forsendur – markmið – leiðir		
Menning og þekking	forsendur – markmið – leiðir		

Í *forsendum* eru einungis dregin fram aðalatriði en að öðru leyti er vísað til forsendugrunns í fylgiskjali. Áherslan í báðum skjölum er þó að gefa yfirsýn frekar en kafa djúpt í einstaka þætti. Heildarsýn á svæðið og málaflokka er takmarkið.

Markmið fyrir hverja grein lýsa þeim meginárangri sem leitast er við að ná og áherslum sem unnið verður eftir. Að því markmiði eru svo skilgreindar *leiðir*. Þær geta ýmist snúið að samstarfi á milli sveitarfélaga og annarra aðila, verið verkefni sem vinna þarf að eða skipulagsstefna um landnotkun og mannvirkjagerð sem fylgja þarf eftir við aðal- og deiliskipulagsgerð og útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa.

2.5 UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSTEFNA

Stefna um landnotkun og grunngerð er dregin saman í 9. kafla, til nánari útfærslu með landnotkunarákvæðum og skipulagsskilmálum í aðalskipulagi sveitarfélaganna og deiliskipulagi einstakra svæða.

2.6 UMHVERFISSKÝRSLA Í FYLGISKJALI

Umhverfismat svæðisskipulagstillögunnar, sem unnið er í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, er sett fram í sama fylgiskjali og forsendugrunnur. Þar er gerð grein fyrir áhrifum tillögunnar á umhverfi og samfélag með því að draga fram þá stefnu sem kann að hafa áhrif á viðkomandi umhverfispátt. Lagt er mat á hvort stefnan samræmist umhverfisviðmiðum sem byggja á stefnuskjöllum á landsvísu og alþjóðavísu. Ágrip af umhverfismatinu er birt aftast í þessari svæðisskipulagstillögu.

2.7 FRAMFYLGÐ

Svæðisskipulagið er áætlun sveitarfélaganna og sveitarstjórnir bera ábyrgð á framfylgd þess. Svæðisskipulagsnefnd, í umboði sveitarstjórna, sér um framfylgd þeirrar stefnu sem snýr að umhverfi og auðlindum en í hverju sveitarfélagi starfar jafnframt skipulagsnefnd sem sér um eftirfylgni stefnunnar í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Stefna sem snýr að öðrum sviðum kann að kalla á beinan samstarfsvettvang sveitarstjórna og enn önnur á samstarfshópa um ákveðin verkefni. Einnig geta sveitarfélögin ákveðið að fela tilteknum nefndum, deildum eða stofnunum sínum umsjón með ákveðnum verkefnum. Í flestum tilvikum þarf samstarf eða samráð við félagasamtök, fyrirtæki og landeigendur á svæðinu. Fyrir leiðir að sóknarmarkmiðum í 6., 7. og 8. kafla er því sett fram tillaga að samstarfsaðilum. Mögulegu fyrirkomulagi við framfylgd svæðisskipulagsins er nánar lýst í 10. kafla en gert ráð fyrir að sveitarfélögin þrói það áfram eftir að áætlunin hefur tekið gildi.

2.8 SKÝRINGARKORT OG LJÓSMYNDIR

Öll kort í tillögunni eru til skýringar með stefnutexta og sýna ekki bindandi stefnu. Þau eru ætluð til að gefa yfirlit yfir þætti sem varða forsendur tillögunnar og skýra stefnu sem sett er fram í texta. Þess ber að geta að gagnagrunnar sem upplýsingar eru sóttar í innihalda mögulega gögn sem ekki sýna nýjustu stöðu.





3 Mótun svæðisskipulagstillögu

3.1 GANGSETNING

Svæðisskipulagsverkefnið hófst með foráfga sem fólst í ráðningu ráðgjafa, skipun svæðisskipulagsnefndar, setningu starfsreglna nefndarinnar, gerð verk- og tímaáætlunar, umsókn um kostnaðarframlag í Skipulagssjóð og uppsetningu verkefnisvefja, annars vegar innri vinnuvefs fyrir svæðisskipulagsnefnd og hins vegar opins upplýsingavefs. Upphafsfundur svæðisskipulagsnefndar var haldinn í Búðardal þann 23. febrúar 2016 og til síðari hluta hans var boðið sveitarstjórnun og fulltrúum úr nefndum sveitarfélaganna sem mest tengjast viðfangsefnum svæðisskipulags.

3.2 VERKEFNISLÝSING

Fyrsti áfangi vinnunnar var gerð verkefnislýsingar. Svæðisskipulagsnefnd fundaði um drög að verkefnislýsingu þann 4. apríl 2016 og hélt síðan opinn súpufund í

Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 26. apríl til að kynna verkefnið og fá fram sjónarmið sem nýst gætu við mótun þess. Út frá efni sem þar kom fram var verkefnislýsingin fullunnin og síðan afgreidd af svæðisskipulagsnefnd til kynningar og umsagnar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga þann 1. júní 2016.

Verkefnislýsing var kynnt á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is og á Facebook-síðu þess í byrjun júní 2016 og þá jafnframt send Skipulagsstofnun og fjölmörgum aðilum til umsagnar (sjá lista í skjalinu) og óskað eftir að umsagnir og ábendingar bærust fyrir miðjan júlí 2016. Umsagnir eða ábendingar bárust frá eftirtöldum aðilum: Breiðafjarðarnefnd, Búnaðarsamtökum Vesturlands, Hafrannsóknastofnun, Isavia, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Orkubúi Vestfjarða, Skógræktinni, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Skipulagsnefnd tók umsagnir til umfjöllunar á fundi sínum 24. ágúst 2016 og vísaði ábendingum sem þar koma fram til skoðunar og úrvinnslu í öðrum áfanga verkefnisins.

3.3 GREINING OG ÚRVINNSLA

Annar áfangi vinnunnar sem fór fram í maí til desember 2016 fólst í frekari greiningu á svæðinu m.t.t. stöðu og áskorana samfélagsins, auðlinda og sérkenna landslags, núverandi nýtingar og frekari möguleika í nýtingu. Unnið var úr fyrirbyggjandi heimildum (sjá heimildaskrá) og úr efni af samráðsfundum. Í septemberbyrjun var opinn súpufundur í Króksfjarðarnesi þar sem leitað var eftir sýn íbúa á sérstöðu svæðisins sem efnivið fyrir svæðismark þess (sjá 6. kafla). Einnig var fundurinn nýttur til að kalla fram hugmyndir um ferðaleiðir og áfangastaði.

Um miðjan nóvember var haldinn fundur í Reykjavík með ungu fólki frá svæðinu. Þar var rætt um sérkenni og tækifæri svæðisins og hugmyndir ungu kynslóðarinnar um framtíðarþróun þess.

Afrakstur annars áfanga var greiningarskýrsla sem var kynnt og auglýst í samræmi við ákvæði 23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Skýrslan var einnig send til aðila sem skilgreindir eru sem umsagnar-eða hagsmunaaðilar (sjá lista aftast í þessari greinargerð) og þeim boðið að koma á framfæri ábendingum.

3.4 STEFNUMÓTUN

Þriðji áfangi stóð frá janúar 2016 til júlí 2017. Á því tímabili var hin eiginlega svæðisskipulagstillaga mótuð. Í annarri viku í mars fundaði svæðisskipulagsnefnd með kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna þriggja og þeim nefndum og starfsfólki sem mest tengist viðfangsefnum svæðisskipulags. Fulltrúum frá markaðsskrifstofum og atvinnuráðgjöf landshlutasamtakanna tveggja var einnig boðið til fundarins.

Áfanganum lauk með afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar á tillögudrögum til óformlegrar kynningar sumarið 2017. Tillögudrögin voru birt á vef verkefnisins 7. júlí og óskað eftir ábendingum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum fyrir 12. ágúst. Ábendingar bárust frá fjórum aðilum og voru þær teknar til umfjöllunar á fundi svæðisskipulagsnefndar í lok ágúst 2017.

3.5 KYNNING OG UMSAGNIR

Í fjórða áfanga, sem stóð frá ágúst til október 2017, var gengið frá svæðisskipulagstillögu og hún afgreidd til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. Kynning fór fram um miðjan október á þremur opnum fundum, einum í hverju sveitarfélagi. Umsagnaraðilar fengu tillöguna senda í lok september með beiðni um umsögn innan 4 vikna. Eftir kynningar- og umsagnartíma var unnið úr ábendingum og á fundi sínum 7. nóvember 2017 ákvað svæðisskipulagsnefnd að leggja til við sveitarstjórnir sínar að tillagan yrði auglýst í samræmi við 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti þá tillögu 14. nóvember, sveitarstjórn Reykhólahrepps 17. nóvember og sveitarstjórn Dalabyggðar 21. nóvember 2017.

Skipulagsstofnun veitti umsögn um svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu með bréfi dags. 9. janúar 2018. Svæðisskipulagsnefnd fjallaði um umsögnina á fundi sínum 18. janúar 2018 og ákvað að tillagan yrði auglýst að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er í fundargerð nefndarinnar.

3.6 AUGLÝSING TILLÖGU

Fimmti áfangi var auglýsing tillögunnar og tilheyrandi umhverfisskýrslu samkvæmt 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Auglýsingar voru birtar í Lögbirtingablaðinu, dagblöðum og héraðsblöðum. Auglýsingar voru einnig birtar á vefjum sveitarfélaganna sem og á Facebook-síðuverkefnisins og verkefnisvefnum, samtakamattur.is. Svæðisskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu, lá frammi til sýnis á skrifstofum Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b í Reykjavík, frá og með föstudeginum 26. janúar 2018 til og með mánudagsins 12. mars 2018. Tillagan var einnig til sýnis á vefsíðum sveitarfélaganna og á vef og Facebook-síðu verkefnisins. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út í lok 12. mars 2018.



3.7 AFGREIÐSLA TILLÖGU

Í sjötta áfanga var fjallað um athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar og þær afgreiddar á fundi svæðisskipulagsnefndar 26. mars 2018. Athugasemdirnar kölluðu á minniháttar lagfæringar á tillögunni. Nefndin samþykkti þá jafnframt, með vísan til 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana, að leggja til við sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar að svæðisskipulagstillagan yrði samþykkt. Sveitarstjórnir tóku fundargerð svæðisskipulagsnefndar ásamt skipulagsgögnum fyrir á fundum sínum í apríl 2018 skv. 3. mgr. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana og samþykktu svæðissipulagið.

Öflugt atvinnulíf

Blómlegt mannlíf

Sterkur staðarandi

Virðing fyrir sögu

Umhyggja fyrir lífi

Ást til átthaga



4 Framtíðarsýn og leiðarljós

4.1 ATVINNULÍF, MANNLÍF, STAÐARANDI

Sameiginleg framtíðarsýn Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er að í sveitarfélögunum:


- Eflist atvinnulíf sem byggir á auðlindum og sérkennum í náttúru, landslagi, menningu og sögu svæðisins.
- Blómgist mannlíf sem einkennist af samheldni og mikilli umhyggju og virðingu fyrir náttúru og sögu svæðisins.
- Styrkist staðarandi sem birtist í mannvirkjum og landslagi.

Til þess að stuðla að þessari framtíðarsýn eru sett fram sóknarmarkmið sem sveitarfélögin ætla að vinna að í sameiningu (sjá 6.-8. kafla).

4.2 UMHYGGJA, VIRÐING, ÁST

Þegar sveitarfélögin framfylgja þessu svæðisskipulagi hafa þau að leiðarljósi eftirfarandi gildi sem einkenna samfélög svæðisins:

- Umhyggja fyrir lífríki, fólki og búfé sem m.a. birtist í heilbrigðum vistkerfum, dýravernd, hágæða matvælum og öryggi og samkennd innan og milli samfélaga.
- Virðing fyrir sterkum rótum samfélagsins sem birtist m.a. í minjum, sögu, menningarlífi og atvinnustarfsemi.
- Ást á síbreytilegu og fögru landslagi sem býður upp á ró og innblástur í fjörðum og dölum, til stranda og heiða og á nesjum og í eyjum.





5 Svæðismark

5.1 LOFORÐ UM UPPLIFUN

Svæðismark (e. „regional brand“) er „loforð“ til íbúa og gesta um ákveðna upplifun á svæði. Um leið er það „leiðbeining“ til stjórnenda svæðis, stofnana og fyrirtækja um hvað hafa þarf til viðmiðunar við stjórnun, vöruþróun, þjónustu, fræðslu, kynningu og markaðssetningu til að styrkja og varðveita upplifunina. Tilgangurinn snýr að tvennu:

- Að styrkja *sjálfsmynd* samfélagsins með því að draga fram og halda í það sem íbúar kunna að meta við svæðið sitt.
- Að styrkja *ímynd* svæðisins og laða þannig að ferðamenn, fyrirtæki, fjárfestingar og nýja íbúa.


5.2 SAMSETNING SVÆÐISMARKS

Grunnur að svæðismarki fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð er hér settur fram með orðum sem lýsa:

- Kjarna svæðisins, sem er karakter þess og samnefnari.
- Sérkennum; því sem einkennir svæðið og aðgreinir það frá öðrum svæðum.
- Ávinningi af dvöl á svæðinu eða ferðalagi um það.

Til samans gefur lýsingin ákveðin skilaboð sem annarsvegar má túlka sem loforð um upplifun og hinsvegar sem ásetning um að viðhalda þeirri upplifun og styrkja hana. Gildin sem lýst er í kafla 4.2 geta líka talist hluti af svæðismarkinu þó þau séu dregin fram sérstaklega þar.

Sóknarmarkmið þessa svæðisskipulags taka mið af þessum grunni að svæðismarki en gert er ráð fyrir að markið verði þróað áfram eftir gildistöku svæðisskipulagsins og útfært nánar hjá sveitarfélögunum í samvinnu við íbúa, félög á svæðinu og samtök í atvinnulífi þess. Það getur þýtt að notuð verði önnur orð til að lýsa markinu þó skilaboðin séu þau sömu. Skilaboðin eru því sett fram í knöppum stíl og hugsuð sem efniviður fyrir frekari smíði svæðismarks. Lögð er áhersla á að draga fram atriði sem skapa svæðinu sérstöðu.



5.3 KJARNI SVÆÐISINS: HLUNNINDI

Skilaboðin eru:

„Njótum hlunninda!“

Orðið hlunnindi er hér notað í merkingunni forréttindi en með tilvísun í tvennt:

- Annarsveggar í fjölbreytt og mikil hlunnindi svæðisins til sjávar og sveita. Nýting þeirra hefur skipt sköpum fyrir lífsafkomu íbúa á svæðinu um aldir. Þó svo vægi hlunnindanýtingar hafi minnkað á síðari tímum er enn til staðar mikil þekking og lifandi menning tengd hlunnindum. Þar má nefna dúntekju, eggjatöku, fuglaveiðar, fjörunytjar, grasnytjar, jarðhitanýtingu, nýtingu rekaviðar, laxveiði, silungsveiði og selveiði.
- Hinsveggar í þau lífsgæði sem svæðið býður í hreinleika og kyrrð umhverfis, öryggi og samheldni samfélags og fegurð landslags. Þar er auðvelt að njóta stundarinnar og „vera í núinu“! Þessa þætti má e.t.v. kalla nútímahlunnindi.

Við ákvarðanir sem snúa að þróun svæðisins verður lögð áhersla á að nýta og vernda þessi hlunnindi og draga þau fram í kynningu á svæðinu.

5.4 SÉRKENNI SVÆÐISINS

Skilaboðin eru:

„Hér er margt dæmigert fyrir Ísland en enn fleira sem er einstakt á Íslandi.“

Á svæðinu er að finna dæmi um íslenska sveit og íslensk þorp; bæði sveitaþorp og sjávarþorp. Þar eru líka óbyggðir með fjölmörg og falleg heiðarvötn. Einnig Drangajökull, eini jökullinn í þessum landshluta og sá nyrsti á Íslandi. Svæðið er aðgengilegt og öruggt um að fara. Þar má aka um gamla sveitavegi inn til dala og upp til heiða og þræða langa strandlínu. Svæðið er ómengað, snyrtilegt og kyrrlátt.

Við Breiðafjörð er skerja- og eyjalandslag sem ekki finnst annarsstaðar á Íslandi. Eyjarnar á Breiðafirði hafa verið sagðar óteljandi en dalir og firðir við fjörðinn eru einnig það margir að það tekur tíma að telja þá upp og læra nöfn þeirra.

Breiðafjörður er verndað hafsvæði og grunnsævið við fjörðinn er einstakt. Tvisvar á sólarhring verður til nýtt landslag. Tegundaríkt og fjölskrúðugt lífríkið á sér ekki sinn líka annars staðar á landinu. Það á ekki síst við um fuglalífið. Jarðhiti í sjó og fjörum er einnig óvíða meiri. Bátalag sem þróaðist á Breiðafirði er merkur strandmenningararfur.

Við Húnaflóa er reki algengur, sellátur víða og þar má sjá hvali. Steingrímsfjörður er stærsti fjörður við flóann og í mynni hans er Grímsey. Samkvæmt þjóðsögu varð eyjan til þegar þrjár skessur ætluðu að moka Vestfjarðakjálkann frá meginlandinu.

Á svæðinu eru þaraskógar, hvannaskógar og birkiskógar. Þaraskógurinn í Breiðafirði, einn sá stærsti við strendur Íslands, hefur verið nefndur frumskógur norðursins. Hvannaskógar í sumum Breiðafjarðareyjum eru gróskumiklir og birkiskógar svæðisins eru sjálfsáanir og verulegir.

Svæðið er sveit frægra landnámsmanna, sögusvið merkra Íslendingasagna og kennslustofa nýlegs náttúrubarnaskóla. Það er þekkt fyrir galdrasögur og galdrasafn. Sauðfjárbúskapur er ráðandi, þekking á sauðfjárrækt mikil og sauðfjárkynið og kjötið eftirsótt. Sauðfjársetur á Ströndum gerir sauðkindinni og menningarauðnum í kringum hana skil. Á svæðinu var fyrsti búnaðarskóli landsins stofnaður, fyrsta prentsmiðjan og fyrsta bókhlaðan.

Við ákvarðanir sem snúa að þróun svæðisins verður lögð áhersla á að nýta og vernda þessi sérkenni og draga þau fram í kynningu á svæðinu svo það verði enn betur þekkt fyrir þau, innanlands sem utan.

5.5 ÁVINNINGUR AF DVÖL

Skilabođin eru:

„Hér upplifum við nýtt landslag á hverjum degi.“

Dvöl á svæðinu lætur þér líða eins og náttúrubarni sem uppgötvar alltaf eitthvað nýtt. Þú finnur að þú ert hluti af náttúrunni og upplifir því öryggi, frelsi og hamingju. Ferð um svæðið veitir líka tilfinningu um friðsæld og kyrrð; ferskleika og hreinleika; heiðarleika og áreiðanleika; gestrisni og stolt; sterkar rætur í fortíð og umhyggju fyrir lífríki; samruna lands og sjávar og himins og hafs.








6 Landbúnaður

6.1 FORSENDUR

Sauðfjárrækt er aðalsmerki svæðisins en þar eru einnig mjólkurbú. Beitarlönd eru góð og víða eru hlunnindi eins og veiðiár, veiðivötn, berjalönd, sveppa- og grasalönd. Ný hlunnindi eru að verða til með nýræktun skóga.


Á samráðsfundum við svæðisskipulagsgerðina komu fram óskir um að viðhalda og styrkja sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu með nýsköpun og vöruþróun og nýta til þess hlunnindi svæðisins. Tækifæri voru t.d. talin í aukinni heimaframleiðslu, vottuðum eldhúsum, sölu beint frá býli og samspili við veitingaþjónustu og aðra ferðaþjónustu. Hér eru birt stikkorð yfir sérkenni og möguleika svæðisins sem eru efniviður í vöruþróun og markaðssetningu landbúnaðarvара. Á næstu blaðsíðum eru einnig dregin fram nokkur sérkenni sem varða landbúnað á svæðinu. Nánara yfirlit yfir forsendur er að finna í skjalinu „Forsendugrunnur og umhverfismat“ sem fylgir þessari svæðisskipulagstillögu.



Sóknarsvið	Stikkorð sem lýsa einkennum og möguleikum svæðisins m.t.t. landbúnaðar
Umhverfi og auðlindir	Hreinleiki, býli, sauðfé, kýr, hestar, dalabyggð, fjarðabyggð, strandbyggð, nesbyggð, eyjabbyggð, heiðabyggð, eyðibygð, býli, útihús, tún, skurðir, beitarland, votlendi, skóglendi, berjalönd, ætisveppir, hvönn, fjallagrös, vallhumall, brenninetla, burnirót, rjúpur, álftr, gæsir, silungur, lax, fornminjar.
Framleiðsla og starfsemi	Lambakjöt, hangikjöt, bjúgu, mjólk, ostagerð, ísgerð, skyrgerð, berjasaft, berjasulta, skógrækt, bændagisting, heimagisting, hráefni í handverk, matarhandverk, beint frá býli.
Menning og þekking	Bændasamfélag, fjölskyldubú, landnámsbændur, nútímabændur, hlunnindabúskapur, Ólafsdalur, fyrsti bændaskólinn, saga búnaðarframfara, sérþekking bænda, bændafélög, sauðfjárræktarfélag, Sauðfjársetur, hrútasýning, frægt sauðfé, þjóðfræðistofa HÍ á Ströndum, göngur og réttir, þjóðsögur og galdrar tengdir búskapur, fornminjar, söfn, handverk og list tengd búskapur.

Kort 2 Landbúnaðarsvæði og íbúðarbyggð í sveitum skv. aðalskipulagi


Heimild: Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna og tún úr gagnagrunni Landbúnaðarháskóla Íslands.



Kort 3 Dreifing býla eftir tegund

Heimild: Byggðastofnun 2016 og Gagnagrunnur Ferðamálastofu.


Sauðfjárbúskapur er ráðandi en mjólkurbú eru í Dalabyggð og Reykhólahreppi. Nokkur veitingahús eru á svæðinu sem geta nýtt sér vörur frá því.



Kort 4 Ræktað land og önnur gróðurlendi

Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands 1998. Skógræktin 2016.


Merkilegir birkiskógar eru á svæðinu og nýræktun skóga er stunduð allvíða, mest í Dölum. Beitoland er inn til dala og upp til heiða, en fjörubeit og eyjabeit hefur einnig verið stunduð. Möguleikar eru til frekari túnræktar, beitar og nýræktunar skóga. Votlendi er dýrmætt vegna lífríkis og bindingar kolefnis. Það sama á við um skóglendi. Berjalönd eru víða, s.s. krækiber, bláber, og aðalbláber. Einnig eru hrútaber í birkiskógunum. Þá eru ætisveppir og ýmiskonar grös á svæðinu. Hráefni til vöruþróunar í landbúnaði eru því fjölbreytt.



Kort 5 Vatnsverndarsvæði

Heimild: Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna.


Gott vatn er mikilvægt fyrir búskap og hafa vatnsverndarsvæði verið afmörkuð fyrir þéttbýlin og víða í sveitum.



Kort 6 Landnámsbændur

Heimild: Árni D. Júlíusson og Jón Ó. Ísberg 2005: Íslandssagan í máli og myndum.


Bændasamfélag svæðisins hvílir á gömlum merg sem getur verið innblástur við vöruþróun og efniviður í markaðssetningu í landbúnaði og ferðaþjónustu honum tengdum.



Kort 7 Þjóðsögur tengdar búskap

Heimild: Sagnagrunnur 2016.

Margar þjóðsögur svæðisins tengjast búskap. Þær má nota til að tengja á milli landbúnaðar og ferðaþjónustu og þær er hægt að draga fram í tengslum við vöruþróun og markaðssetningu.



Kort 8 Tengsl ferðaþjónustu og landbúnaðar

Heimild: Aðalskipulagsáætlanir og Gagnagrunnur Ferðamálastofu 2016.

Snertifletir landbúnaðar og ferðaþjónustu eru og geta verið margir. Göngu- og reiðleiðir fara um lönd bænda og ákvörðun um legu þeirra þarf því að vera í samráði við þá. Að bjóða upp á bændagistingu og göngu-/hestaferðir getur verið góð búþót. Bjóða má ferðamönnum að taka þátt í landbúnaðarstörfum, t.d. göngum og réttum. Réttir er hægt að nýta sem áningarstaði, t.d. fyrir nestisstopp. Handverksmarkaðir, söfn og sýningar gefa tækifæri til að koma framleiðsluvöru bænda á framfæri.

6.2 MARKMIÐ

- *Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.*
- *Staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.*
- *Innviðir svæðisins styrkist þannig að landbúnaður fái blómstrað sem kraftmikil atvinnugrein á svæðinu.*
- *Stuðlað verði að því að bændur búi við sömu félags- og efnahagslega stöðu og aðrir landsmenn.*
- *Svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur, afburðahandverk og þekkingu í greininni, sem byggir á gömlum merg.*
- *Vörurnar byggji á búskap þar sem vel er farið með land og skepnur.*
- *Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mannauð, auðlindir, landslag, sögu og menningararfleifð svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.*
- *Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.*
- *Sterk tengsl verði á milli landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.*



6.3 LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

LANDBÚNAÐUR		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Umhverfi og auðlindir	LAND TIL RÆKTUNAR - Við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi. - Skógrækt verði eflað sem landbúnaðargrein en þess verði gætt að gott landbúnaðarland m.t.t. annars ræktungargildis og beitar verði ekki tekið undir skógrækt.	- Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Landeigendur og bændur - Landbúnaðarháskóli Íslands
	GRUNNKERFI , sjá vegakerfi og veitukerfi í 9. kafla.	
	NÝTING JARÐHITA Kannaðir verði möguleikar til nýtingar jarðhita til þróunar í landbúnaði, s.s. fyrir ylrækt og smáíðnað. Á þeim grunni verði mörkuð stefna í aðalskipulagi.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Orkustofnun - SSV - Þróun og ráðgjöf
	LANDSLAG OG MANNVIRKJAGERÐ - Landbúnaðarlandslagi verði viðhaldið, s.s. með túnslætti og góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja. - Við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af náttúruvá, landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði áhlits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. - Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.	- Búnaðarfélag á svæðinu - Landeigendur og bændur - Minjavörður Vestfjarða - Minjavörður Vesturlands
	MIKILVÆG VISTKERFI Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Skoðað verði hvar endurheimta mætti votlendi.	- Landeigendur og bændur - Náttúrustofa Vesturlands - Náttúrustofa Vestfjarða - Skógræktin og skógræktarfélag á svæðinu - Umhverfissvottun Vestfjarða
	GRÓÐURVERND Komið verði í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda, s.s. lúpínu og kerfils, á beitolönd, berjalönd og grasalönd.	- Landeigendur og bændur - Náttúrustofa Vesturlands - Náttúrustofa Vestfjarða - Landgræðslan
	FRÍÐUR Í BEITARLÖNDUM - Settar verði reglur um umferð vélknúinna farartækja sem miða að því að tryggja frið í beitarlöndum. Það verði gert við endurskoðun aðalskipulags í samhengi við vegaskrá, sem skal vinna skv. 32. gr. laga um náttúruvernd, yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil eða óheimil. - Skilgreining ferðaleiða og áningarstöðva í þessu svæðisskipulagi, sem er til nánari útfærslu í aðalskipulagi, miðar að sama marki.	- Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Ferðaþjónustuaðilar - Landeigendur og bændur - Samtök í ferðaþjónustu
	SAUÐFJÁRVERND Sauðfjárveikivarnir svæðisins verði treystar með bættum varnargirðingum og fræðslu um mikilvægi þeirra.	

LANDBÚNAÐUR		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Framleiðsla og starfsemi	NÝSKÖPUN OG VÖRUÞRÓUN - Stuðlað verði að aukinni fjölbreytni, nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði sem byggir á gæðum og hreinleika hefðbundinnar landbúnaðarvöru og sjálfbærri nýtingu hlunninda. Vottuðum eldhúsum, s.s. í félagsheimilum, verði fjölgað til að bæta möguleika til slíkrar þróunar. Skoðaðir verði möguleikar á sameiginlegum kælum og færanlegu sláturhúsi. - Stuðlað verði að þróun handverks úr hráefni tengdu landbúnaði og með tilvísun í landslag, sögu og menningu svæðisins. - Stuðlað verði að aukinni samvinnu framleiðslugreina og skapandi greina.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Bændur, framleiðendur - Handverkshópar, áhugafélög - Háskólar - Impra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Matís - Matvælafyrirtæki á svæðinu - SSV - Þróun og ráðgjöf
	MARKAÐSMÁL - Mótuð verði sameiginleg markaðsstefna og vörumerki fyrir landbúnaðarvörur (matvöru og handverk eða aðra framleiðsluvöru úr hráefnum frá landbúnaði) svæðisins, sem byggir á efniviði fyrir svæðismark. Gætt verði að samhengi við markaðsstefnu fyrir sjávarnytjar og ferðaþjónustu. - Hvatt verði til umhverfis- og gæðavottunar fyrirtækja í landbúnaði.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Bændur, framleiðendur - Markaðsstofa Vestfjarða - Markaðsstofa Vesturlands - Matvælafyrirtæki á svæðinu - SSV - Þróun og ráðgjöf
	SÖLUMÁL Aðgengi íbúa, ferðamanna og ferðaþjónustuaðila á svæðinu að landbúnaðarvöru svæðisins verði bætt, t.d. með fjölgun aðila í Beint frá býli, bændamörkuðum eða öðrum hætti.	- Búnaðarfélag á svæðinu - Bændur, framleiðendur - Ferðaþjónustuaðilar - Matvælafyrirtæki á svæðinu - Samtök í ferðaþjónustu - Verslanir og veitingastaðir á svæðinu
	TENGSL VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Unnið verði að því að styrkja tengsl á milli ferðaþjónustu og landbúnaðar – sjá kafla um ferðaþjónustu.	

LANDBÚNAÐUR		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Menning og þekking	VERKFÆRAKISTA Sett verði fram verkfærakista með upplýsingum sem hjálpað geta við nýtingu auðlinda og hlunninda svæðisins við vöruþróun, kynningu, sölu og markaðssetningu. Þar verði ýmis verkfæri eins og kortagögn, myndir og listar yfir gagnlega aðila og hjálplegt efni fyrir framleiðendur.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Bændur, framleiðendur - Fræðslumiðstöð Vestfjarða - Impra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands - MAST - Matís - Matvælafyrirtæki á svæðinu - Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi - SSV - Þróun og ráðgjöf - Umhverfissvottun Vestfjarða
	NÁMSKEIÐ Haldin verði námskeið um möguleika til nýtingar hlunninda og annarra sérkenna svæðisins við vöruþróun, kynningu, sölu og markaðssetningu, m.a. á grunni verkfærakistu, sbr. að ofan.	
	RANNSÓKNIR, UPPBYGGING ÞEKKINGAR - Stuðlað verði að rannsóknum á landbúnaði, hlunnindum, landbúnaðarminjum og sögu og háttum tengdum búskap á svæðinu. - Þróuð verði verkefni í skólum svæðisins sem snúa að því að fræða um landbúnað og samspil hans við náttúru, sögu og menningu svæðisins.	- Grunnskólar - Háskólasetur Vestfjarða - Leikskólar - Minjastofnun Íslands - Rannsóknasetur HÍ, Snæfellsnesi - Rannsóknasetur HÍ, Ströndum - Ungmenna- og tómstundabúðir, Laugum








7 Sjávarnytjar

7.1 FORSENDUR

Sjávarútvegur er aðal atvinnuvegur á Hólmavík og útgerð er frá Reykhólum og frá Skarðstöð á Skarðsströnd. Fjölbreytni sjávarnytja hefur óvíða verið meiri en á þessum hluta Íslands, s.s. nýting rekaviðar, þara, þangs, sölva, fjörugróðurs, salts, skelfisks, sels, æðardúns og eggja. Sérstaða Breiðafjarðar á landsvísi í þessu tilliti er mikil og svæðið gjarnan nefnt matarkista. Við Húnaflóa skipti rekaviður, selur og æðardúnn miklu máli fyrir byggð. Þó svo nýting sjávarhlunninda sé með öðrum hætti nú og hafi e.t.v. minna vægi en áður fyrr, eru auðlindirnar enn fyrir hendi og mikil þekking til staðar sem byggja má á í margvíslegu samhengi.


Á samráðsfundum við svæðisskipulagsgerðina komu fram hugmyndir um frekari nýtingu sjávarauðlinda með áherslu á sjálfbærni. Góð þekking á vistkerfum var talin mikilvæg sem grundvöllur að nýtingu, þannig að lífríki og hreinleika sjávar yrði ekki spillt. Tækifæri voru talin til þróunar ýmiskonar heilsueflandi vara, bætiefna, snyrtivara, matvara og jafnvel vefnaðarvara. Hér eru birt stikkorð yfir sérkenni og möguleika svæðisins sem eru efniviður í vöruþróun og markaðssetningu vara úr sjávarnytjum. Á næstu blaðsíðum eru einnig dregin fram nokkur sérkenni sem varða sjávarnytjar á svæðinu. Nánara yfirlit yfir forsendur er í skjalinu „Forsendugrunnur og umhverfismat“ sem fylgir þessari svæðisskipulagstillögu



Sóknarsvið	Stikkorð sem lýsa einkennum og möguleikum svæðisins m.t.t. sjávarnytja
Umhverfi og auðlindir	Grunnsævi, löng strandlengja, eyjar, sker, fiskimið, straumar, sjávargróður, þari, sól, salt, fugl, egg, æðardúnn, selir, grásleppa, rekaviður, rækja, kræklingur, beitukóngur, öðuskel, sæbjúgu, hafnir, lendingar, fornminjar.
Framleiðsla og starfsemi	Fiskveiðar, fiskvinnsla, rækjuvinnsla, strandveiðar, smábátaútgerð, reyking, fiskeldi, kræklingarækt, þörungamjöl, sól, salt, áburður, æðarrækt, dúntaka, dúnhreinsun, dúnvinnsla, eggjataka, rannsóknir.
Menning og þekking	Strandmenning, útvegur, þekking á sjávarnytjum, sérþekking sjómanna, þekking á þangslætti og nýtingu þangs, hlunnindabúskapur, Arnarsetur, Bátasafn, Þjóðfræðistofa og Þjóðsögur, galdrar, fornminjar, söfn, handverk og list tengd sjósókn og sjávarnytjum.

Kort 9 Sjávar tengd landnotkun skv. aðalskipulagi

Heimild: Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna.



Kort 10 Svæði með verndargildi

Heimild: Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna og landupplýsingar Umhverfisstofnunar. Vottendi skv. gróðurkorti af Íslandi 1998.


Mörg þeirra svæða sem hafa verið friðlýst, eru á náttúruvörðun eða njóta hverfisverndar, eru strandsvæði eða liggja að sjó. Þar er enda gjarnan fjölskrúðugt lífríki. Um þessi svæði gilda ýmist sérlög, náttúruverndarlög eða ákvæði aðalskipulags. Rannsóknir og umhverfismat eru mikilvægur grunnur að öllum ákvörðunum um nýtingu auðlinda.



Kort 11 Pangfjörur við Breiðafjörð

Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands 2017. Vistgerðir á Íslandi.


Pangfjörur eru einkennandi í norðanverðum Breiðafirði og nýtir Þörungaverksmiðjan á Reykhólum þörungagróður og jarðhita til að þurrka klóþang og hrossapara. Á Reykhólum er einnig verksmiðjan Norður Salt sem nýtir jarðhitann þar til saltvinnslu úr sjó í Breiðafirði.



Kort 12 Leiðir, hafnir og lendarar á Breiðafirði

Heimild: Verndaráætlun Breiðafjarðar, skýrslan örnefni á sjó á Breiðafirði, landupplýsingagrunnur Landmælinga Íslands.

Breiðafjörður nýtur verndar skv. sérlögum og um hann gildir Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019. Þar er sett fram stefna sem sveitarfélögum við Breiðafjörð, á því svæði sem lögin ná til, ber að fara eftir. Stefnan fjallar um skipulag, nýtingu lands og sjávar, vernd náttúru og menningarminja og landslags, rannsóknir, vöktun, ferðabýðustu og útivist, fræðslu, atvinnustarfsemi og leyfisveitingar.



Kort 13 Staðir nefndir í þjóðsögum sem fjalla um sjávarnytjar á einn eða annan hátt

Heimild: Sagnagrunnur.

Menningararfur sem snýr að sjávarnytjum og tengslum manns og sjávar getur verið innblástur við vörupróun, kynningu og markaðssetningu vara úr auðlindum sjávar og strandsvæða.




Mynd 1 Hólmavíkurhöfn

Mynd: Árni Geirsson

Hafnarskilyrði eru góð á Hólmavík og smábátaútgerð skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið á staðnum. Á Hólmavík starfar einnig ein fullkomnasta rækjuverksmiðja landsins, Hólmadrangur.

7.2 MARKMIÐ

- *Stuðlað verði að því að útgerð, fiskvinnsla og nýting sjávarafurða geti blómstrað.*
- *Tryggt verði að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist.*
- *Framleiddar verði hágæða, hreinar vörur með sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og grunnsævis svæðisins.*
- *Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mikla þekkingu heimamanna á nýtingu auðlinda úr sjó. Einnig verði landslag svæðisins, saga þess og menningararfleifð nýtt til innblásturs. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram við kynningu og markaðssetningu.*
- *Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.*
- *Sterk tengsl verði á milli sjávarnytja, ferðapjónustu og menningarstarfsemi.*



7.3 LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

SJÁVARNYTTJAR		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Umhverfi og auðlindir	LÍFRÍKI, NÁTTÚRUVERNÐ - Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda. Haf- og strandsvæðaskipulagi verði m.a. beitt í þeim tilgangi. - Yfirráð sveitarfélaganna yfir botni sjávar verði tryggð. - Möguleg nýtingarsvæði mismunandi sjávar- og strandauðlinda verði kortlögð þannig að yfirsýn fáiist yfir auðlindirnar og samspil þeirra. Einnig svo stuðla megi að vel ígrunduðum ákvörðunum um sjálfbæra nýtingu og góðri stjórnun við framleiðslu. Forgangsverkefni verði kortlagning þaratökusvæða og saltvinnslusvæða. Á þeim grunni verði tekin ákvörðun um frekari stefnumótun fyrir þang- og saltvinnslu (sjá einnig um rannsóknir aftar).	- Breiðafjarðarnefnd - Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Hafrannsóknastofnun - Landeigendur og bændur - Samtök í sjávarútvegi og um nýtingu sjávarfangs - Skipulagsstofnun - Umhverfisstofnun Vestfjarða
	GRUNNKERFI , sjá stefnu um vegakerfi og veitukerfi í 9. kafla.	
	NÝTING JARÐHITA Kannaðir verði möguleikar til nýtingar jarðhita til framleiðslu á vönduðum, hreinum sjávarafurðum. Á þeim grunni verði mörkuð stefna í aðalskipulagi.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Landeigendur - Orkustofnun - SSV - Þróun og ráðgjöf
	LANDSLAG OG MANNVIRKJAGERÐ - Höfnum á Hólmanvík, Reykhólum, í Búðardal og á Skarðsströnd verði vel viðhaldið og aðstaða til útgerðar og vinnslu verði góð. - Þess verði gætt við allar framkvæmdir að ekkert sé gert sem truflað geti siglingar eða skyggt á leiðarmerki á sjó. Einnig að ekki séu sett upp ljós eða önnur merki sem villt geta um fyrir sjófarendum. - Við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa á strandsvæðum verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af náttúruvá, landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.	- Breiðafjarðarnefnd - Búnaðarfélag á svæðinu - Landeigendur og bændur - Minjavörður Vesturlands - Minjavörður Vestfjarða - Vegagerðin - Viðskiptavinir hafna
	MIKILVÆG VISTKERFI Stuðlað verði að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi.	- Breiðafjarðarnefnd - Landeigendur og bændur - Náttúrustofa Vestfjarða - Náttúrustofa Vesturlands

SJÁVARNYTJAR		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Framleiðsla og starfsemi	NÝSKÖPUN OG VÖRUPRÓUN - Stuðlað verði að nýsköpun og þróun vara úr hráefni úr sjó og af strandsvæðum, um leið og þess er gætt að viðhalda hreinleika svæðisins og heilbrigði vistkerfa. - Stuðlað verði að þróun handverks úr hráefni tengdu sjávarnytjum og með tilvísun í landslag, sögu og menningu svæðisins. - Stuðlað verði að aukinni samvinnu framleiðslugreina og skapandi greina. - Hvatt verði til umhverfis- og gæðavottunar fyrirtækja sem nýta auðlindir sjávar og strandsvæða.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Hafrannsóknastofnun - Handverkshópar, áhugafélög - Háskólar - Impira, Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Landeigendur og bændur - Matís - Náttúrustofa Vesturlands - Samtök í sjávarútvegi og um nýtingu sjávarfangs - SSV - Þróun og ráðgjöf
	MARKAÐSMÁL Mótuð verði sameiginleg markaðsstefna og vörumerki fyrir sjávarafurðir svæðisins, sem byggir á efniviði fyrir svæðismark. Gætt verði að samhengi við markaðsstefnu fyrir landbúnað og ferðaþjónustu.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Búnaðarfélag á svæðinu - Búnaðarsambönd á svæðinu - Bændur, framleiðendur - Markaðsstofa Vestfjarða - Markaðsstofa Vesturlands - Matvælafyrirtæki á svæðinu - Samtök í sjávarútvegi og um nýtingu sjávarfangs - SSV – Þróun og ráðgjöf
	SÖLUMÁL Aðgengi íbúa, ferðamanna og ferðaþjónustuaðila á svæðinu að sjávarnytjum svæðisins verði bætt, t.d. með matarmarkaði og samstarfi milli framleiðenda og seljenda innan svæðis og utan, þ.m.t. verslanir og veitingastaðir.	- Búnaðarfélag á svæðinu - Bændur, framleiðendur - Ferðaþjónustuaðilar - Matvælafyrirtæki á svæðinu - Samtök í ferðaþjónustu - Verslanir og veitingastaðir
	TENGLI VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Unnið verði að því að styrkja tengsl á milli sjávarnytja og ferðaþjónustu – sjá kafla um ferðaþjónustu.	

SJÁVARNYTJAR		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Menning og þekking	VERKFÆRAKISTA Sett verði fram verkfærakista með upplýsingum sem hjálpað geta við nýtingu sjávarauðlinda svæðisins við vörupróun, kynningu, sölu og markaðssetningu. Þar verði ýmis verkfæri eins og kortagögn, myndir og listar yfir gagnlega aðila og annað hjálplegt efni fyrir framleiðendur.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Framleiðslufyrirtæki og þjónustuaðilar á svæðinu - Fræðslumiðstöð Vestfjarða - Impra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Matís - Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi - SSV - Þróun og ráðgjöf - Umhverfissvottun Vestfjarða
	NÁMSKEIÐ Haldin verði námskeið um mögulega nýtingu sjávarauðlinda svæðisins til vörupróunar og um kynningu, sölu og markaðssetningu, m.a. á grunni verkfærakistu, sbr. að ofan.	
	RANNSÓKNIR, UPPBYGGING ÞEKKINGAR - Stuðlað verði að rannsóknum á sjávarauðlindum svæðisins, nýtingu þeirra og minjum, sögu og háttum tengdum sjávarnytjum svæðisins. Sérstök áhersla verði á rannsóknir vegna þangtöku. - Þróuð verði verkefni í skólum sem snúa að því að fræða um sjávarnytjar og strandmenningu svæðisins.	- Grunnskólar - Háskólasetur Vestfjarða - Leikskólar - Minjastofnun Íslands - Rannsóknasetur HÍ, Snæfellsnesi - Rannsóknasetur HÍ, Ströndum - Ungmenna- og tómstundabúðir, Laugum







8 Ferðapjónusta


8.1 FORSENDUR

Svæði Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er eitt þeirra svæða á Íslandi þar sem mörg ónýtt tækifæri gefast þegar kemur að ferðapjónustu. Þangað er margt að sækja; Breiðafjörður á engan sinn líka á landinu, Dalirnir eru söguvið merkra Íslendingasagna og landslag Stranda er magnað. Þorpin þrjú hafa hvert sína sérstöðu; Búðardalur er sveitþorp, Reykhóla mætti kalla iðnaðar-eða jarðhitaparp og Hólmavík er dæmigert sjávarþorp. Þau gegna öll mikilvægu hlutverki sem þjónustustaðir.

Á samráðsfundum við svæðisskipulagsgerðina komu fram ýmsar hugmyndir um þróun ferðapjónustu á svæðinu. Tækifæri voru talin til að þróa nýjar „ferðavörur“ eins og ýmskonar þemaferðir eftir skilgreindum ökuleiðum, gönguleiðum og hjólaleiðum með áhugaverðum áfangastöðum og áningarstöðum, þar sem færi gæfist á að upplífa einstaka náttúru og landslag. Þemaferðirnar gætu t.d. snúist um ljósmyndun, fuglaskoðun, handverk, Íslendingasögur, þjóðsögur, söfn og framleiðslu. Einnig var bent á að bjóða mætti gestum að taka þátt í lífi

heimamanna, s.s. að sinna ýmsum landbúnaðarstörfum eins og að fara í göngur og réttir, tína dún og ber eða veiða. Svæðið var talið henta vel fyrir gistihús sem bjóða upp á einveru og frið frá áreiti hversdagsins. Ennfremur til uppbyggingar heilsutengdrar ferðapjónustu þar sem jarðhiti, þaraböð og salt gætu skapað sérstaka upplifun.


Hér eru birt stikkorð yfir sérkenni og möguleika svæðisins sem eru efniviður í vörubrúun og markaðssetningu í ferðapjónustu. Á næstu blaðsíðum eru einnig dregin fram nokkur sérkenni sem varða ferðapjónustu á svæðinu. Nánara yfirlit yfir forsendur er í skjalinu „Forsendugrunnur og umhverfismat“ sem fylgir þessari svæðisskipulagstillögu.



Sóknarsvið	Stikkorð sem lýsa einkennum og möguleikum svæðisins m.t.t. ferðapjónustu
Umhverfi og auðlindir	Fuglaparadís, sjaldgæfar fuglategundir, sauðfé, sjávarföll, síbreytilegt landslag flóðs og fjöru, síbreytileg birta, sólarlag, norðurljós, þang, sól, svartur sandur, fjörur, leir, straumar, brim, ósnortin náttúra, mikilfengleg fjöll, fjalllendi, hálendi, jökull, heiðar, dalir, firðir, sandstrendur, fjörur, eyjar, hólmar, sker, sjávarþorp, sveitaþorp, býli, kjarr, fossar, hverir, jarðhiti, náttúrulegar, leir, leirböð, sundlaugar, þægilegt, greiðfært og öruggt landslag, kyrrð, þögn, ró, fámenni, hreinleiki, dulúð, afskekkt, rólegheit, víðátta, víðerni.
Framleiðsla og starfsemi	Hótel, gistihús, bændagisting, heimagisting, veitingahús, kaffihús, tjaldsvæði, söfn, sýningar, setur, sundlaugar, hjólaeiga, silungsveiði, laxveiði, bátsferðir, þaraböð, upplýsingamiðstöðvar, golfvelli, hestaferðir, gönguferðir, hlaupaferðir, fuglaskoðun, menningarferðapjónusta, söguferðapjónusta, vellíðunarferðapjónusta, heilsutengd ferðapjónusta, ferðaskipuleggjendur, ferðasalar.
Menning og þekking	Sagnaarfur, landnámsfólk, Íslendingasögur, Laxdæla, Auður djúpúðga, Eiríkur rauði, Geirmundur heljarskinn, Steingrímur tröll, Sturla Þórðarson, þjóðsögur, álfasögur, skessusögur, galdrasögur, eyjabúskapur, hlunnindabúskapur, veiði, verstöðvar, bátamenning, matarmenning, ostagerð, ísgerð, sauðfé, sauðfjársetur, galdrar, galdrasýning, þorablót, Bátadagar, Hamingjudagar, Reykhóladagar, Ólafsdalshátíð, Bæjarhátíð í Búðardal, Náttúrubarnaskóli, Sauðfjársetur, Vínlandssetur, Eiríksstaðir, Steinshú, fyrsti búnaðarskólinn, kirkjur, viðburðir, hátíðir.

Kort 14 Landnotkun tengd ferðapjónustu skv. aðalskipulagi


Heimild: Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna.



Kort 15 Stofnkerfi

Heimild: Vegagerðin (flokkun vega og núverandi lega þeirra). Landsnet og Míla (farskipti). Landmælingar Íslands (flugvellir).


Góðir vegir og örugg fjarskipti eru mikilvæg fyrir þróun ferðaþjónustu á svæðinu.



Kort 16 Þjóðvegir með bundnu slitlagi í lok árs 2016 (svart), vegir með malarslitlagi (gult)

Heimild: Vegagerðin 2016.


Malarvegir á svæðinu eru enn margir. Mest aðkallandi er að bæta stofnveginn um Skógarströnd en hann er illfær bæði sumar og vetur. Þrátt fyrir það hefur umferð um veginn aukist mikið vegna fjölgunar ferðamanna sem sýnir mikilvægi hans fyrir möguleika svæðisins til frekari uppbyggingar í ferðaþjónustu.



Kort 17 Ferðaleiðir akandi, gangandi og ríðandi

Heimild: Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna (vegir, gönguleiðir og reiðleiðir). Vegagerðin 2016 (áningarstaðir og útskot).

Fjölmargar göngu- og reiðleiðir hafa verið skilgreindar í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Þessar leiðir eru auðlindir fyrir ferðaþjónustuna. Það eru einnig áningarstaðir, útskot og hringstjór.



Kort 18 Ferðapjónusta á svæðinu

Heimild: Gagnagrunnur Ferðamálastofu 2016.

Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn á svæðinu, í formi gistingar, veitinga og afþreyingar. Þar er góður grunnur til að byggja á við eflingu ferðapjónustu.



8.2 MARKMIÐ

- Ferðaþjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem hliðargrein með öðrum greinum.
- Í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.
- Við vörubróun og markaðssetningu verði sótt í þekkingu íbúa, auðlindir, landslag, sögu og menningu svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.
- Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.
- Sterk tengsl verði á milli ferðaþjónustu, landbúnaðar, sjávarnytja og menningarstarfsemi.




8.3 LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

FERÐAÞJÓNUSTA		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Umhverfi og auðlindir	LEIÐIR OG STAÐIR - Þróað verði svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða sem bjóða upp á lengri og styttri ferðir heimamanna og gesta um svæðið – Breiðafjarðarleið, Strandaleið, Dalaleið og Vesturslaufan/Vesturáttan. Unnið verði að leiðakerfinu í samhengi við áfangastaðaáæltanir Vestfjarða og Vesturlands og við aðalskipulagsgerð. Hver leið verði þróuð út frá nokkrum söguþráðum en hverri þeirra má einnig tengja ýmskonar þemaferðir. Þorpin þrjú verði meginþjónustustaðir leiðanna en á hverri leið verði áfangastaðir og áningarstaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu. Þeir verði ákveðnir í aðalskipulagi hvers sveitarfélags í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila (sjá nánar kafla 8.4-8.8 um ferðaleiðir). - Þróuð verði gönguleið á milli þorpanna þriggja, Búðardals, Reykhóla og Hólmavíkur – Þriggja þorpa leiðin (sjá kafla 8.9), m.a. í þeim tilgangi að styrkja þjónustuhlutverk þeirra. - Þróuð verði ein svæðisbundin reiðleið (sjá kafla 8.11).	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Bændur, landeigendur - Ferðaþjónustuaðilar - Markaðsstofa Vestfjarða - Markaðsstofa Vesturlands - Samtök í ferðaþjónustu - SSV - Þróun og ráðgjöf
	GRUNNKERFI , sjá stefnu um vegakerfi og veitukerfi í 9. kafla.	
	LANDSLAG OG MANNVIRKJAGERÐ Við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa vegna ferðaþjónustu verði þess gætt að mannvirkjagerð og umhverfismótun taki mið af náttúruvá, landslagi og byggingaarfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörðurum lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.	- Breiðafjarðarnefnd - Ferðaþjónustuaðilar - Landeigendur - Minjavörður Vestfjarða - Minjavörður Vesturlands
	SÖGUPRÆÐIR, ÍMYND Sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun, mannvirkjagerð, vörupróun, markaðssetningu, kynningu og merkingar. Áhersla verði á að draga fram hlunnindanýtingu, söguvið einstakra sagna, auðugt fuglalíf og annað lífríki strand- og hafsvæða. Söguþráðum fyrir hverja ferðaleið í leiðakerfinu er lýst í köflum 8.4-8.8.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Ferðaþjónustuaðilar - Markaðsstofa Vestfjarða - Markaðsstofa Vesturlands - Samtök í ferðaþjónustu - SSV - Þróun og ráðgjöf
	AUÐLINDANÝTING - Reykhólar verði áfram þróaðir sem þarabaðstaður. - Tekið verði mið af vatnsskort í Breiðafjarðareyjum við þróun ferðaþjónustu í Flatey.	- Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða - Ferðaþjónustuaðilar - Landeigendur - Markaðsstofa Vestfjarða - Markaðsstofa Vesturlands - Samtök í ferðaþjónustu - SSV - Þróun og ráðgjöf - Umhverfissvottun Vestfjarða

FERÐAÞJÓNUSTA		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Framleiðsla og starfsemi	VÖRUBRÓUN, AFREYING, FERÐAÞJÓNUSTA • Stuðlað verði að þróun afþreyingar, þjónustu og handverks sem styður við og byggir á landbúnaði og sjávarnytjum. Í þeim tilgangi verði lögð áhersla á að nýta t.d. árstíðabundin verk og viðburði og aðtengja ferðaleiðir við ströndina við sjávarnytjar og ferðaleiðir um sveitir við landbúnað, með beinum eða óbeinum hætti. Einnig verði matarmenning dregin fram (sjá kafla 8.4.-8.10 um tilteknar ferðaleiðir). • Stuðlað verði að þróun þematengdra ferða um svæðið, t.d. skoðunarferða á sjó, fuglaskoðunarferða, söguferða og gönguskíðaferða eftir skilgreindum ferðaleiðum (sjá kafla 8.4.-8.10 um tilteknar ferðaleiðir). • Hvatt verði til samstarfs ferðaðjónustuaðila um þróun verkefna sem byggja á og draga fram sérkenni svæðisins og eru í anda svæðismarks þess. Það gætu t.d. verið verkefni um náttúraskoðun, einstakar sögur, söguþemu eða sögupersónur o.fl. • Hvatt verði til samstarfs ferðaðjónustufyrirtækja og framleiðenda landbúnaðarvara og vara úr sjávarfangi, um sölu vöru og þróun sameiginlegra verkefna. • Stuðlað verði að aukinni samvinnu ferðaðjónustu og skapandi greina.	• Atvinnuþróunarfélög Vestfjarða • Bændur, landeigendur • Ferðamálastofa • Ferðaðjónustuaðilar • Handverkshópar, áhugafélög • Markaðsstofa Vestfjarða • Markaðsstofa Vesturlands • Samtök í ferðaðjónustu • SSV - Þróun og ráðgjöf • Umhverfisvottun Vestfjarða
	UMHVERFIS- OG GÆÐAMÁL • Hvatt verði til umhverfis- og gæðavottunar fyrirtækja í ferðaðjónustu. • Tryggð verði góð gæði upplýsingaveitu til ferðamanna, m.a. í samstarfi við Ferðamálastofu og Markaðsstofur.	
	MARKAÐSMÁL • Mótuð verði sameiginleg markaðsstefna fyrir ferðaðjónustu á svæðinu, sem byggir á efniviði fyrir svæðismark. Gætt verði að samhengi við markaðsstefnu fyrir landbúnað og ferðaðjónustu.	

FERÐAÞJÓNUSTA		
Sóknarsvið	Leiðir að markmiðum: stefna, verkefni, samstarf	Mögulegir samstarfsaðilar sveitarfélaganna
Menning og þekking	LEIÐBEININGAR OG VERKFÆRAKISTA Sett verði fram verkfærakista með upplýsingum sem geta hjálpað til við nýtingu auðlinda, landslags, menningar og sögu svæðisins til vörubróunar í ferðaþjónustu og við kynningu og markaðssetningu. Þar verði ýmis verkfæri eins og kortagögn, myndir og listar yfir gagnlega aðila og hjálplegt efni fyrir ferðaþjónustuaðila.	- Ferðamálastofa - Fræðslumiðstöð Vestfjarða - Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi - Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða - SSV - Þróun og ráðgjöf - Umhverfissvottun Vestfjarða
	NÁMSKEIÐ - Haldin verði námskeið um mögulega nýtingu sérkenna svæðisins til vörubróunar og um kynningu og markaðssetningu, m.a. á grunni leiðbeininga og verkfærakistu, sbr. að ofan. - Stutt verði við nám í svæðisleiðsögn. - Haldin verði námskeið um umhverfis- og gæðavottun í ferðaþjónustu	
	RANNSÓKNIR Stuðlað verði að rannsóknum á ferðaþjónustu á svæðinu.	- Háskólasetur Vestfjarða - Rannsóknasetur HÍ, Ströndum - Rannsóknasetur HÍ, Snæfellsnesi - Háskólar





Kort 19 Leiðakerfi. Stöðvar eru sýndar til skýringar. Staðsetning þeirra er ekki bindandi, nema svæðisstöðvanna

8.4 LEIÐARKERFI

Leiðir

Þróað verði leiðakerfi sem er byggt upp líkt og almenningssamgangnakerfi - með leiðum og stöðvum. Leiðakerfið verði samsett úr fjórum aðalleiðum: *Breiðafjarðarleið*, *Dalaleið*, *Vesturslaufan* (eða *Vesturáttan*) og *Strandaleið*. Allar leiðirnar geta átt sér framhald eða upphaf utan svæðisins, nema sú fyrstnefnda sem er sett fram sem tveir hringir innan svæðis með nokkrum möguleikum á útúrdúrum. Auk þessara aðalleiða er sýnt hvernig svæðið getur verið hluti af Vestfjarðaleið og Snæfellsnesleið. Strandaleið og Dalaleið gefa jafnframt kost á tengingu við Norðvesturland. Fyrir utan framangreindar ferðaleiðir eru tvær almenningssamgangnaleyðir á svæðinu, önnur frá höfuðborgarsvæði í gegnum Búðardal og Króksfjarðarnes að Hólmavík og hin á milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey.

Gert er ráð fyrir að hver leið í leiðakerfinu fái sitt heiti og einkennislit, en hvorutveggja getur breyst frá því sem hér er sýnt, þar sem kerfið verður mótað nánar á grunni þess ramma sem svæðisskipulagið setur. Þróun leiðanna krefst þess að vegir á svæðinu verði bættir. Einkanlega er mikilvægt að byggja upp Skógarstrandarveg til að svæðið geti notið þess ávinnings í ferðapjónustu sem bætt tenging við Snæfellsnes getur gefið. Einnig er gert ráð fyrir úrbótum á Vestfjarðarvegi nr. 60 um Reykhólahrepp en lega hans er ákveðin í aðalskipulagi. Þá þarf að halda leiðum meðfram strönd, milli þorpanna og til nágrannasvæða vel opnum á vetrum þannig að ferðapjónusta geti þrífist allan ársins hring.

Stöðvar

Í leiðakerfinu er gert ráð fyrir fjórum tegundum stöðva, þær eru:

1. Skiptistöðvar þar sem hægt er að fara á milli leiða.
2. Svæðisstöðvar þar sem margvísleg þjónusta er í boði.
3. Þjónustustöðvar þar sem einhver þjónusta er í boði.
4. Áningarstöðvar þar sem eru áhugaverðir staðir eða hægt er að stöðva bíl, borða nesti og njóta hvíldar og útsýnis.

Sett er fram stefna um hverja tegund stöðva hér á eftir en á öllum leiðunum er gert ráð fyrir að þorpin, eitt eða fleiri, verði lykilviðkomustaðir. Með því er leitast við að fjölga ferðamönnum sem nýta sér þá þjónustu sem þar er fyrir og styðja um leið við þjónustu sem íbúar njóta.

Á skiptistöðvum mætast ferðaleiðir. Þar verði skilti, samræmd í útliti, með upplýsingum um leiðir, s.s. vegalengdir, stöðvar og aðra áhugaverða viðkomustaði. Skiptistöðvar krefjast ekki málsmeðferðar í aðalskipulagi eða deiliskipulagi nema ákveðið sé að koma þar fyrir mannvirkjum, öðrum en skiltum.

Svæðisstöðvar eru þorpin, Búðardalur, Reykhólar og Hólmavík. Þar er í boði verslun, gisting, veitingar, afþreying og upplýsingar. Miðað verði að því að þjónustuhlutverk þessarar staða fyrir íbúa og ferðamenn styrkist og að fjölbreytni þjónustu aukist. Í þeim tilgangi verði t.d. þróaðar göngu-, hjóla-, reið- og kayakleiðir út frá þeim. Þróun hvers þorps m.t.t. sérstöðu sinnar (s.s. jarðhita, þara, salts, galdra, sjávarútvegs, sauðfjár og bænda-/Íslendingasögu) geri þau að ómissandi viðkomustað á ferð um svæðið (sjá þema, söguþræðir, vörupróun). Ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðisstöðvum.

Þjónustustöðvar eru staðir þar sem í boði er gisting, veitingar og/eða afþreying. Ákvörðun um staðsetningu og umfang þjónustustöðva verður tekin í aðalskipulagi, í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila, en almennt er gert ráð fyrir að þær séu á þeim hluta ferðaleiða þar sem er byggð í dag, þ.e. ekki uppi á heiðum eða inn í eyðidölum eða eyðifjörðum. Þannig verði leitast við að varðveita staðaranda svæðisins. Í þeim tilgangi verði einnig vandað til verks við deiliskipulagsgerð og hönnun og gerð mannvirkja þannig að þau falli vel að landslagi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, efnis og lita. Skilti fyrir þjónustustöðvar verði samræmd.

Áningarstöðvar eru áhugaverðir viðkomustaðir, t.d. út frá útsýni, lífríki, jarðfræði, sögu eða menningu. Þar verði bílastæði/útskot og aðstaða eins og borð, bekkur, skjólveggur og/eða skýli. Á sumum þeirra getur verið listaverk, útsýnisskífa, kamar eða salerni. Aðrar má útbúa sem útikennslustofu. Núverandi áningarstaðir Vegagerðarinnar eru í þessum flokki en gert er ráð fyrir nýjum áningarstöðvum á öllum ferðaleiðunum, annað hvort á vegum Vegagerðarinnar, sveitarfélaganna eða landeigenda. Á áningarstöðvum hvernar leiðar verði eins útlítandi skilti með staðarheiti og upplýsingum um staðinn og það sem hann geymir. Stefna um staðsetningu áningarstöðva verði mótuð í aðalskipulagi, í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila, t.d. með því að setja viðmið fyrir staðsetningu minni áningarstöðva en skilgreina staðsetningu stærri áningarstöðva, s.s. þar sem áformuð eru bílastæði og salerni eða önnur meiri mannvirkjagerð.





Þema, söguþræðir og vörupróun

Fyrir hverja leið verði mótað þema í takt við áherslur sem lagðar eru fyrir svæðismark (sjá 5. kafla). Innan hvers þema geta verið nokkrir söguþræðir, sjá kafla 8.5-8.8 um leiðirnar. Stuðlað verði að þróun afþreyingar og þjónustu sem endurspeglar þessa þræði. Hönnun áningarstöðva og upplýsingaskilta miði að því að styrkja sérstöðu hvernar leiðar. Með slíkri nálgun er stuðlað að því að ferðaþjónustan sé í góðum tengslum við líf íbúa og staðaranda svæðisins, sem aftur gerir upplifun gesta sterkari og eftirminnilegri.

Samstaf um uppbyggingu, rekstur og viðhald


Þróun ferðaleiðanna með tilheyrandi viðkomustöðum og afþreyingu krefst samvinnu á milli sveitarfélaganna og við ferðaþjónustuaðila og landeigendur á svæðinu. Virkja þarf samtakamáttinn! Skilgreina þarf hlutverk aðila við uppbyggingu, rekstur og viðhald áningarstöðva. Verkefnin snúa t.d. að hönnun og uppsetningu skilta, bílastæða, borða og bekkja. Til þess að stuðla að því að þjónusta á svæðinu endurspegli þema hvernar ferðaleiðar og rími vel saman þarf samvinnu milli og við ferðaþjónustuaðila og leiðbeiningar til þeirra. Sveitarfélögin hafa tekið ákveðið frumkvæði með mótun þessarar svæðisskipulagstillögu (sjá um samráð við mótunina í 3. kafla) og eftir að staðfest svæðisskipulag liggur

fyrir geta sveitarfélögin aftur haft frumkvæði með því að óska eftir samstarfi við ferðaþjónustuaðila eða samtök þeirra. Hið sama gildir um samstarf við atvinnuþróunarfélög, landshlutasamtök, markaðsstofur og símenntunar-miðstöðvar, sem hafa enn fremur hlutverki að gegna við leiðbeiningar, þjálfun og utanumhald verkefna. Unnin verði framkvæmdaáætlun til tveggja eða þriggja ára sem forgangsraðar verkefnum í þessari svæðisskipulagstillögu og skilgreinir þau m.t.t. nálgunar og kostnaðar (sjá nánar 10. kafla um framfylgd).

Kynning og markaðssetning


Fyrir leiðakerfið verði settur upp kynningarvefur með upplýsingum um hverja leið með hliðsjón af þema og söguþráðum hennar. Fram komi hvað leiðin býður upp á m.t.t. upplifunar, þjónustu og afþreyingar. Upplýsingar úr gagnagrunni Ferðamálastofu verði nýttar í þessum tilgangi en einnig verði safnað sögum, myndum og upplýsingum um hefðir, handverk, viðburði, afþreyingu, framleiðendur og þjónustuaðila. Leitað verði til íbúa í þeim tilgangi. Á vefnum verði kortavefsjá með upplýsingum um hverja stöð, hvað þar er að finna og hægt að upplifa. Kynningarvefurinn verði á íslensku og ensku og horft verði til erlendra fordæma um slíka vefi, t.d. vef írska Atlantshafsvegarins, The Wild Atlantic Way, <http://www.wildatlanticway.com>. Leitað verði eftir samvinnu við Markaðsstofur Vesturlands og Vestfjarða og Íslandsstofu um kynningu á leiðunum.

ATH, Kortið er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýnir ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða áhrörkun.



Kort 20 Leiðakerfi Dala, Reykhóla og Stranda. Myndin er sett fram til að sýna hvernig leiðir myndu kerfi sem verður þróað áfram í gegnum aðalskipulag, áfangastaðaáætlanir landshluta og markaðssefni. Stöðvar á kortinu eru núverandi áningarstaðir Vegagerðarinnar eða þar sem þjónusta er í dag. Þær eru sýndar til skýringar til að útskýra kerfið. Stöðvar aðrar en svæðisstöðvar eru ekki festar í svæðisskipulagi heldur verður stefna um þær mörkuð í aðalskipulagi í samráði við landeigendur og ferðaþjónustaðila, sbr. kafla 8.4.

ATH. Kortið er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýnir ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða afmörkun.



Kort 21 Breiðafjarðarleið. Áningarstöðvar með fuglaskoðunarskýlum.

8.5 BREIÐAFJARÐARLEIÐ

Efniviður í þema, söguþræði og ferðavörur

Breiðafjörðurinn er óneitanlega lykilaðdráttarafl svæðisins. Þar er landslag, lífríki, saga og menning sem hvergi er annars staðar að finna á landinu. Strandsvæði Breiðafjarðar er sérstaklega áhugavert því þar skapast nýtt landslag á hverjum degi, vegna mikils munar á flóði og fjöru eða allt að 5 metrum. Sker, hólmar og leirur rísa og sökkva í sæ sama sólarhringinn. Við þessar aðstæður hefur skapast fuglaparadís sem dregur til sín náttúruunnendur. Neðansjávar er einnig ævintýraheimur. Í fjörum og jafnvel sjó er líka jarðhiti sem ásamt með þara skapar einstakt landslag.

Á leiðinni er ekið eftir strönd, fyrir mynni dala og botn fjarða, með útsýni til skerja og eyja á aðra vegu en sveita og fjalla á hina. Á leiðinni er fjölbreytt landslag og meðfram henni er byggð í sveitum og tveimur þorpum þar sem kynnst má mannlífi sem byggir sitt m.a. á nýtingu hlunninda hafs og lands. Meðfram Hvammsfirði, Fellsströnd og Skarðsströnd er hentugt að hjóla og valin svæði nálægt ströndu henta til kayakferða.

Stefna um þema og söguþræði til nánari útfærslu við vörupróun, uppbyggingu, kynningu og markaðssetningu:

- *Þema: Hlunnindabúskapur við strönd og í fjörðum í grennd við síbreytilegt eyja- og skerjalandslag með mögnuðu lífríki.*
- *Söguþræðir: Fuglar, hlunnindi til sjávar, hlunnindanýting, lífríki í grunnsævi og neðansjávar, þari, salt, jarðhiti, þjóðsögur tengdar sjávarnytjum.*


Uppbygging

Á leiðinni verði sett upp fuglaskoðunarskýli á völdum stöðum. Staðir fyrir skýlin verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila og stefna þar um mörkuð í aðalskipulagi. Hönnun skýlanna taki mið af landslags hvers staðar, m.t.t. staðsetningar, efnis, lita og forms. Efnt verði til samkeppni eða leitað eftir hugmyndum um hönnun/útfærslu á hverjum stað eða fyrir leiðina í heild. Það verður tilvalið fyrir ferðalanga að safna myndum af sér í öllum skýlunum!

Unnið verði að því að bæta vegi og að leiðin verði greiðfær allt árið um kring. Búðardalur og Reykhólar verði lykilviðkomustaðir á leiðinni.




Kort 22 Eyja- og skerjalandslag við Breiðafjarðarleið



Kort 23 Fjarðalandslag á Breiðafjarðarleið

ATH. Kortið er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýnir ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða afmörkun.



Kort 24 Dalaleið. Áningarstöðvar með tilvísun í landbúnað og náttúruæfni Dala.

8.6 DALALEIÐ

Efniviður í þema, söguþræði og ferðavörur

Dalirnir í Dölum eru fjölmargir en sú ferðaleið sem hér er skilgreind kvíslast um Laxárdal, Haukadal og Miðdali. Þar má upplifa nútíma íslenskar sveitir sem eiga sér rætur allt aftur til landnáms. Þar er því upplagt að segja sögu búskapar allt frá fyrstu bændum, þeim sem settust að á svæðinu og til bænda dagsins í dag, auk þess að spá í hvernig búskapur kann að þróast í framtíðinni.

Dalirnir eru söguvið frægra Íslendingasagna þar sem Laxdæla og Eiríks saga rauða eru helstar. Sú fyrrnefnda sker sig frá öðrum Íslendingasögum að því leyti að í henni eru konur í aðalhlutverkum.

Í Dölum eru nokkrar af eftirsóttustu laxveiðiám á Íslandi.

Dalaostar eru þekkt vörumerki og þykja góðir.

Stefna um þema og söguþræði til nánari útfærslu við vörupróun, uppbyggingu, kynningu og markaðssetningu:

- *Þema: Landbúnaður og bændasamfélag í nútíð og fortíð.*
- *Söguþræðir: Búskapur í dag, búskapur við landnám, hlunnindi, laxveiðiár, Dalaostar, matarhandverk, Laxdæla, Auður djúpúðga, Guðrún Ósvífursdóttir, Eiríks saga rauða, Eiríkur rauði, Leifur heppni, og aðrar sögupersónur svæðisins ásamt þjóðsögum tengdum búskap.*

Uppbygging

Við hönnun áningarstöðva verði leitað innblásturs í nýjum sem gömlum landbúnaðartækjum, handverki, náttúruæfnum og byggingaarfleifð Dalanna. Staðir fyrir stöðvarnar verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila og stefna þar um mörkuð í aðalskipulagi. Efnt verði til samkeppni eða leitað eftir hugmyndum um hönnun/útfærslu hvers áningarstaðar eða alla staði í hverjum dal. Það verður tilvalið fyrir ferðalanga að safna myndum af sér á öllum stöðvunum!


Unnið verði að því að bæta vegi.

Búðardalur verði lykilviðkomustaður á leiðinni.


ATH. Kortin er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýna ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða afmörkun.




Kort 25 Dalir Dalanna




Kort 26 Fyrstu bændurnir í Dölum. Lituð svæði sýna upphaflegt landnám Auðar djúpúðga (blátt) og Geirmundar heljarskins (gult)



Kort 27 Helstu veiðiár Dalanna (rauðar línur) og fossar og flúðir (bleikir hringir)



Kort 28 Söguslóðir Eiríkssögu (blá lína) og Laxdælu (rauð lína)



Kort 29 Vesturslaufan. Áningarstöðvar með mismunandi bekkjum

8.7 VESTURSLAUFAN / VESTURÁTTAN

Efniviður í þema, söguþræði og ferðavörur

Þessi leið er tvær lykkjur sem bindast saman í slaufu við gatnamót Arnkötluvegjar og Vestfjarðavegar og tengja þar saman norður- og suðurhluta svæðisins. Hægt er að velja á milli nokkurra leiða til að fara um norðurhlutann. Leiðirnar henta ólíkum árstíma, færð og gerð bifreiða. Hægt er að velja á milli Kollafjarðarheiðar og Þorskafjarðarheiðar annarsvegar og Arnkötuldals og Steinadalsheiðar hinsvegar.

Á ferðalagi um Vesturslaufuna má kynna þorpum og sveitum og kanna strandir, firði, heiðar og jökul. Það gefur því möguleika á að upplifa ólíkt landslag svæðisins í byggð jafnt sem óbyggð; sveitalíf og þorpslíf. Uppi á heiðum eru vötn þar sem silung er að finna. Drangajökull, eini jökull þessa landshluta, er nyrst á leiðinni og þangað er hægt að fara gangandi, á vélsleðum og vel útbúnum jeppum frá Kaldalóni.

Geirmundur heljarskinn landnámsmaður á Skarðsströnd og Steingrímur trölfi sem nam land í Steingrímsfirði eru sögupersónur sem vinna má með. Söguslóðir Gullþórissögu eru einnig á þessari leið og fjölmargar þjóðsögur er hægt að segja á henni (sjá fylgiskjal svæðisskipulagstillögu).


Stefna um þema og söguþræði til nánari útfærslu við vörupróun, uppbyggingu, kynningu og markaðssetningu:

- *Þema: Byggð og óbyggðir; sveitalíf og þorpslíf; jöklar og loftslagsmál.*
- *Söguþræðir: Búskapur, gróðurfar, hlunnindi til landsins, hlunnindanýting, þjóðsögur tengdar búskapur og sjávarnytjum, galdrasögur, sauðfé.*


Uppbygging

Á áningarstöðvum á þessari leið verði komið fyrir mismunandi bekkjum sem vísa til landslags hvers staðar, m.t.t. staðsetningar, efnis, lita og forms. Staðir fyrir stöðvarnar verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila og stefna þar um mörkuð í aðalskipulagi. Efnt verði til samkeppni eða leitað eftir hugmyndum um hönnun/útfærslu á hverjum stað eða fyrir leiðina í heild. Það verður tilvalið fyrir ferðalanga að safna myndum af sér á öllum bekkjunum!

Unnið verði að því að bæta vegi. Vegur um Þorskafjarðarheiði verði vel fær fólksbílum að sumri. Öll þorpin þrjú, Hólmavík, Búðardalur og Reykhólar, verði lykilviðkomustaðir á leiðinni.




Kort 30 Þjóðsögustaðir tengdir búskap



Kort 31 Þjóðsögustaðir tengdir sjávarnytjum

ATH. Kortið er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýnir ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða afmörkun.



Kort 32 Strandaleið. Áningarstöðvar með tilvísun í sjávarútveg, sauðfjárbúskap og náttúru efni Stranda

8.8 STRANDALEIÐ

Efniviður í þema, söguþræði og ferðavörur

Sá hluti skipulagssvæðisins sem snýr að Húnaflóa tilheyrir Ströndum en syðst á þeim eru Steingrímsfjörður, Kollafjörður og Bitrufjörður. Á svæðinu eru líka margir dalir: Heydalur, Miðdalur, Tungudalur, Arnkötludalur, Ósdalur, Staðardalur og Selárdalur. Sauðfjárrækt einkennir sveitirnar en Hólmavík er útgerðarstaður sem hefur notið vaxandi hylli sem ferðamannastaður. Þar hafa Galdrasýning á Ströndum og Sauðfjársetur vakið athygli, svo og Náttúrubarnaskólinn, Strandalamb og Strandaber. Landslag Stranda er rómað.

Mikill fjöldi sela hefst við í Húnaflóa og nýlega var farið að bjóða hvalaskoðunarferðir þar. Ferðamennska í tengslum við sjóinn, s.s. sjóstangveiði og bátsferðir til landslags- og náttúruskoðunar, er því tilvalinn.


Stefna um þema og söguþræði til nánari útfærslu við vörupróun, uppbyggingu, kynningu og markaðssetningu:

- *Þema til nánari útfærslu: Sauðfé, þjóðtrú, galdrar; eyðibýggðir, fjörur, hlunnindi, sjávarfang, lífríki í og við sjó*
- *Söguþræðir til nánari útfærslu: Sauðfjárbúskapur, Sauðfjársetur, þjóðtrú, þjóðsögur, galdrasögur, strandagaldur, hlunnindi og hlunnindanýting, ber, rekaviður, surtarbrandur, drangar, fjara, fuglalíf, selir, hvalir, sjóstangveiði, náttúrubörn, Náttúrubarnaskólinn, tröll, skessur, Steingrímur trölfi, jólasveinninn Steingrímur.*

Uppbygging


Við hönnun áningarstöðva verði leitað innblásturs frá sjávarútvegi, sjávarnytjum og sauðfjárbúskap, handverki, byggingaarfleifið og náttúru efnum Stranda. Staðir fyrir stöðvarnar verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila og stefna þar um mörkuð í aðalskipulagi. Efnt verði til samkeppni eða leitað eftir hugmyndum um hönnun/útfærslu á hverjum stað eða fyrir leiðina í heild. Það verður tilvalið fyrir ferðalanga að safna myndum af sér á öllum stöðvunum!

Unnið verði að því að bæta vegi. Hólmavík verði lykilviðkomustaður á leiðinni.




Kort 33 Áhugaverðir viðkomustaðir á Ströndum, náttúra

Heimild: Gagnagrunnur Ferðamálastofu.



Kort 34 Áhugaverðir viðkomustaðir á Ströndum, mannvist

Heimild: Gagnagrunnur Ferðamálastofu.



Kort 35 Svæðisgönguleið

8.9 GÖNGULEIÐ

Leiðin


Þróuð verði svæðisbundin gönguleið sem þræðir sig um sveitir og óbyggðir á milli þorpanna þriggja, með viðkomu í Ólafsdal.

Stöðvar

Gönguleiðin verði þróuð þannig að gisting verði í þorpunum og á einum stað að auki, t.d. í Ólafsdal. Þannig er leitast við að fjölga ferðamönnum sem nýta sér þá þjónustu sem fyrir er í þorpunum.

Uppbygging

Leitað verði samstarfs við landeigendur, ferðafélög og ferðaþjónustuaðila um þróun leiðarinnar. Nákvæm lega verði ákveðin í aðalskipulagi.



Kort 36 Svæðisreiðleið

8.10 REIÐLEIÐ

Leiðin

Þróuð verði reiðleið um svæðið endilangt með tækifæri til að upplifa Dali, Breiðafjarðarbotn, syðsta hluta Stranda/Steingrímsfjörð og Ísafjarðarbotn undir Drangajökli. Nákvæm lega reiðleiðarinnar verður ákveðin í aðalskipulagi.

Stöðvar

Skilgreindir verði áningarstaðir og gististaðir á reiðleiðinni.

Uppbygging

Leitað verði samstarfs við landeigendur, ferðafélög og ferðaþjónustuaðila um þróun leiðarinnar.





9 Umhverfis- og skipulagsstefna


9.1 SAMHENGJI VIÐI STEFNU Í 6-8. KAFLA

Í þessum 9. kafla er dregin saman sú stefna í 6.-8. kafla sem snýr að umhverfi og auðlindum. Tilgangurinn er að draga fram yfirlit yfir þessa stefnu á einum stað, óháð því hvort hún snýr að landbúnaði, sjávarnytjum eða ferðaþjónustu. Auk þess er sett fram stefna sem talin er geta stutt enn frekar við sóknarmarkmið svæðisskipulagsins og á við öll áherslusviðin. Það á t.d. við um veitukerfi.

Yfirlitið er sett fram út frá eftirfarandi þáttum sem stefnan snýr að:

- Landnotkun og auðlindanýting
- Verndun
- Vegakerfi
- Veitukerfi
- Landslag og mannvirki

Kort sem fylgja stefnunni eru samsett aðalskipulag sveitarfélaganna og eru þau öll til skýringar. Í öllum tilvikum gildir stefna aðalskipulags hvað varðar afmörkun landnotkunar og legu grunnkerfa. Hlutverk svæðisskipulagsins er fyrst og fremst að marka sameiginlega framtíðarsýn á byggðarpróun og leggja áherslur þar sem mikilvægt þykir að þær séu sameiginlegar, til nánari útfærslu í aðalskipulagi.



Kort 37 Samsett aðalskipulag: Landnotkunarflokkar

Heimild: Aðalskipulag sveitarfélaganna.

9.2 LANDNOTKUN OG AUÐLINDANÝTING

Við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land. Það yrði gert með því að afmarka landið og setja ákvæði um það í aðalskipulagi.

Kannaðir verði möguleikar til nýtingar jarðhita til þróunar í landbúnaði, s.s. fyrir ylrækt og smáíðnað. Á þeim grunni verði mörkuð stefna í aðalskipulagi.

Kannaðir verði möguleikar til nýtingar jarðhita til framleiðslu á vönduðum, hreinum sjávarafurðum. Á þeim grunni verði mörkuð stefna í aðalskipulagi.

Settar verði reglur um umferð vélknúinna farartækja sem miða að því að tryggja frið í beitarlöndum. Skilgreining ferðaleiða og áningarstöðva í þessu svæðisskipulagi, sem er til nánari útfærslu í aðalskipulagi, miðar að sama marki.

Sauðfjárveikivarnir svæðisins verði treystar með bættum varnargirðingum og fræðslu um mikilvægi þeirra.

Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda. Haf- og strandsvæðaskipulagi verði m.a. beitt í þeim tilgangi.

Möguleg nýtingarsvæði mismunandi sjávar- og strandauðlinda verði kortlögð þannig að yfirsýn fáiast yfir auðlindirnar og samspil þeirra. Einnig svo stuðla megi að vel ígrunduðum ákvörðunum um sjálfbæra nýtingu og að góðri stjórnun við framleiðslu. Forgangsverkefni verði kortlagning þaratökusvæða og saltvinnslusvæða. Á þeim grunni verði tekin ákvörðun um frekari stefnumótun fyrir þang- og saltvinnslu (sjá einnig um rannsóknir aftar).

Reykhólar verði áfram þróaðir sem þarabaðstaður.

Tekið verði mið af vatnsskorti í Breiðafjarðareyjum við þróun ferðaþjónustu í Flatey.


9.3 VERNDUN

Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Skoðað verði hvar endurheimta mætti votlendi.

Stuðlað verði að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi.

Komið verði í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda, s.s. lúpínu og kerfils, á beitolönd, berjalönd og grasalönd.

Staðinn verður vörður um byggingaarf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð.



Kort 38 Samsett aðalskipulag: Verndarflokkar og kjarr-, skóg- og votlendi

Heimild: Aðalskipulag sveitarfélaganna, landupplýsingar Umhverfisstofnunar og Gróðurkort af Íslandi 1998.



Kort 39 Samsett aðalskipulag sveitarfélaganna: Vegakerfi

9.4 VEGAKERFI


Vegir á milli svæðisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra, verði bættir til að svæðið geti sem best nýtt möguleika sína til þróunar. Lögð verði sérstök áhersla á bættan veg um Skógarströnd og að einbreiðar brýr heyri sögunni til.

Þróað verði svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða sem bjóða upp á lengri og styttri ferðir um svæðið – Breiðafjarðarleið, Strandaleið, Dalaleið og Vesturslaufan/Vesturáttan. Hver leið verði þróuð út frá nokkrum söguþráðum en hverri þeirra má einnig tengja ýmskonar þemaferðir. Þorpin þrjú verði megin þjónustustaðir leiðanna en á hverri leið verði áfangastaðir og áningarstaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu (sjá nánari stefnu fyrir leiðirnar í köflum 8.4-8.8). Þróun leiðanna krefst þess að vegir á svæðinu verði bættir. Einkanlega er mikilvægt að byggja upp Skógarstrandarveg til að svæðið geti notið þess ávinnings í ferðaþjónustu sem bætt tenging við Snæfellsnes getur gefið. Einnig er gert ráð fyrir úrbótum á Vestfjarðarvegi nr. 60 um Reykhólahrepp en lega hans er ákveðin í aðalskipulagi, eins og lega annarra vega.


9.5 GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR

Þróuð verði gönguleið á milli þorpanna þriggja, Búðardals, Reykhóla og Hólmavíkur – Þriggja þorpa leiðin (sjá kafla 8.9), m.a. í þeim tilgangi að styrkja þjónustuhlutverk þeirra. Lega leiðarinnar verði útfærð í aðalskipulagi.

Þróuð verði ein svæðisbundin reiðleið (sjá kafla 8.11). Lega leiðarinnar verði útfærð í aðalskipulagi.



Kort 40 Samsett aðalskipulag sveitarfélaganna: Göngu- og reiðleiðir



Kort 41 Samsett aðalskipulag sveitarfélaganna: Veitukerfi. Einungis eru sýndar þær línur sem koma fram á gildandi aðalskipulagsuppráttum (veitukerfi eru ekki í aðalskipulagi Strandabyggðar)

9.6 VEITUKERFI

Raforkuöryggi verði aukið, m.a. með hringtengingu raforku á Vestfirðum, með tengivirki á Nauteyri.

Gæði neysluvatns verði tryggð með því að girða af vatnsból og leyfa engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum.

Sem stærstur hluti byggðar á svæðinu njóti hitaveitu og í þeim tilgangi verði rannsóknnum á jarðhita og mögulegri nýtingu hans til húshitunar framhaldið.

Áfram verði unnið uppbyggingu ljósleiðara og farsímasenda þannig að fjarskiptapjónusta á svæðinu verði öflug og örugg og þjóni íbúum, fyrirtækjum og ferðamönnum sem allra best.

Öll byggð á svæðinu verði tengd viðurkenndum rotþróum.

9.7 LANDSLAG OG MANNVIRKJAGERÐ

Landbúnaðarlandslagi verði viðhaldið, s.s. með túnslætti og góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja.

Höfnum á Hólmavík, Reykhólum og Skarðsströnd verði vel viðhaldið og aðstaða til útgerðar og vinnslu verði góð.


Við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til.

Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.

Staðinn verður vörður um byggingaarf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð.

Sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð á ferðaleiðum. Áhersla verði á að draga fram hlunnindanýtingu, söguvið einstakra sagna, auðugt fuglalíf og annað lífríki strand- og hafsvæða. Söguþráðum fyrir hverja ferðaleið í leiðakerfinu er lýst í köflum 8.4-8.8.





Kort 42 Samsett aðalskipulag: Landnotkun, verndarsvæði og grunnkerfi (veitukerfi eru ekki sýnd)

Heimild: Aðalskipulag sveitarfélaganna.

9.8 SAMSETT AÐALSKIPULAG

Hér er aðalskipulag sveitarfélaganna sett saman í eina heild þannig að yfirsýn fáiist yfir gildandi stefnu um landnotkun, verndun og grunngerð. Þetta kort og öll önnur kort í svæðisskipulagstillögunni eru til skýringar með stefnutexta. Afmörkun svæða og lega grunnkerfa er ákveðin í aðalskipulagi hvers sveitarfélags á grunni þeirrar stefnu sem texti og skýringarkort svæðisskipulagstillögunnar lýsa.







10 Framfylgd

10.1 SAMSTARFSVETTANGUR

Svæðisskipulagsnefnd, í umboði sveitarstjórna, fer með framfylgd svæðisskipulags skv. skipulagslögum. En til þess að markmið svæðisskipulagsins náist - þau sem snúa ekki einungis að skipulagsmálum - þarf breiða þátttöku samfélaga svæðisins, samtaka, fyrirtækja og stofnana. Sveitarstjórnir þurfa að hafa sinn samstarfsvettvang en mögulega mætti útvíkka slíkan vettvang þannig að samtök, félög og stofnanir væru líka aðili að honum. Slíkur samstarfsvettvangur getur kallast klasi, svæðisgarður, héraðsstjórn, svæðisstjórn, svæðisráð eða annað.

Hverju nafni sem hann kann að nefnast þá væri hlutverk hans að:

- Vinna að framfylgd svæðisskipulagsverkefna.
- Gera fjárhags- og verkefnaáætlun fyrir hvert ár, þ.m.t. forgangsörðun verkefna.
- Sækja fé í einstök verkefni.
- Skipa nefndir/stýrihópa um einstök mál/verkefni.
- Halda samstarfsfundi með hagsmunaaðilum.
- Upplýsa um framgang áætlunarinnar.

Mögulegt fyrirkomulag á samstarfi milli sveitarfélaga og á samstarfi við samtök í samfélaginu er sýnt á mynd hér til hliðar. Gert er ráð fyrir að samstarfsfyrirkomulag sveitarfélaganna sín á milli og við aðra aðila í atvinnulífi og samfélagi, verði mótað þegar svæðisskipulagið hefur tekið gildi.

10.2 VERKFÆRI OG SAMRÁÐ VIÐ FRAMFYLGÐ


Leiðir að markmiðum svæðisskipulagsins að snúast ýmist um samstarf og samráð, tiltekin verkefni eða skipulagsstefnu sem fylgt verður eftir við aðal- og deiliskipulagsgerð. Við verulegar breytingar (sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga) á aðalskipulagi sveitarfélaganna skal leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar m.t.t. þess hvort þær samræmast stefnu svæðisskipulagsins.

Til að framfylgd svæðisskipulagsins verði sem markvissust er gert ráð fyrir að unnin verði framkvæmdaáætlun til tveggja eða þriggja ára sem forgangsraðar verkefnum og skilgreinir þau m.t.t. ábyrgðaraðila, samstarfsaðila, nálgunar og kostnaðar. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna taki mið af henni og á grunni hennar verði sótt í sjóði eins Skipulagssjóð, Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, Uppbyggingarsjóð Vesturlands og Framkvæmdasjóð ferðamanna.

Auk aðal- og deiliskipulagsáætlana og þriggja ára framkvæmdaáætlunar er gert ráð fyrir að eftirfarandi „verkfærum“ verði einkum beitt við framfylgd svæðisskipulagsins:

- Áfangastaðaáætlanir landshluta.
- Verkefnaáætlanir fyrir einstök verkefni.
- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.
- Framkvæmda- og byggingaleyfi.

Við nánari útfærslu og framfylgd þeirrar stefnu sem svæðisskipulagið markar verður að haft samráð við fjölmarga aðila, sbr. þá sem listaðir eru upp sem mögulegir samstarfsaðilar í töflum í 6., 7. og 8. kafla. Nálgun við það samráð verður ákveðin fyrir hvert verkefni um sig en við aðalskipulagsgerð verður þess sérstaklega gætt að hafa samráð við landeigendur um stefnu um landhotkun og mannvirkjagerð, þ.m.t. áningarstaði á ferðaleiðum.









11 Ágrip af umhverfismati

11.1 EFNI UMHVERFISSKÝRSLU

Umhverfisskýrsla er fylgiskjal með svæðisskipulagstillögunni og hér er ágrip af meginatriðum hennar en vísað er til skýslunnar sjálfar varðandi ítarlegri umfjöllun.

Í umhverfisskýrslunni er gerð grein fyrir forsendum og umhverfisáhrifum tillögunnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Helstu auðlindum og sérkennum skipulagssvæðisins er lýst ásamt stöðu og áskorunum samfélaga þess. Dregið er fram hvað einkennir helstu umhverfispætti, hvernig nýtingu auðlinda er háttað og hvaða frekari möguleikar eru til að nýta þau auðæfi sem svæðið býr yfir. Umhverfispættirnir sem fjallað er um samsvara skilgreiningu á umhverfi samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana en þar er því lýst sem „Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.“ Forsendurgrunnurinn var nýttur til að móta þá framtíðarsýn og stefnu sem birtist í svæðisskipulagstillögunni sjálfri. Í skýrslunni er síðan gerð grein fyrir áhrifum stefnunnar á umhverfi og samfélag.

11.2 NÁLGUN VIÐ UMHVERFISMAT

Fyrir hvern umhverfispátt sbr. að ofan) eru listuð þau stefnumið (markmið og/ eða leiðir) sem talin eru geta haft áhrif á þáttinn og gerð grein fyrir hvort þau samræmast umhverfisviðmiðum (sbr. að neðan) og þar með talin jákvæð eða neikvæð. Áhersla er á að draga fram þau stefnumið sem teljast 1) „marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000“, sbr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana; og 2) sem talin eru geta valdið verulegum áhrifum.

Til þess að meta hvort áhrif stefnunnar teljast jákvæð eða neikvæð var beitt viðmiðum sem byggja á umhverfisviðmiðum sem beitt var við mat á tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þau viðmið voru aftur byggð á stefnuskjölum á landsvísu og alþjóðavísu sem tilgreind eru í töflunni í kafla 4.4 í umhverfisskýrslu. Viðmiðin fyrir mat á svæðisskipulagstillögunni byggja þó einnig á landsskipulagsstefnunni sjálfri enda telst umhverfismat þeirrar stefnu hafa sýnt að hún hafi jákvæð umhverfisáhrif, auk þess sem sveitarfélögum ber að fara eftir stefnunni. Tekin eru með þau viðmið sem talin eru eiga við viðfangsefni svæðisskipulagstillögunnar, en öðrum sleppt.

Áætlunin eru stefnumarkandi (e. strategic) og nákvæmni umhverfismats tekur mið af því. Byggt var á landfræðilegum gögnum sem safnað var saman frá opinberum stofnunum og sett eru fram á kortum í 5. kafla umhverfisskýrslu. Einnig var sótt í ritaðar heimildir sem varða einstök stefnumið, eftir því sem tilefni þótti til, sjá heimildaskrá svæðisskipulagsgreinargerðar. Ennfremur var byggt á sjónarmiðum og ábendingum sem fram komu á samráðsfundum og fundum svæðisskipulagsnefndar. Skipulagsráðgjafar unnu drög að umhverfismati sem síðan var fullunnið með svæðisskipulagsnefnd.

Í umhverfismatinu var notaður eftirfarandi skali til að lýsa samræmi við umhverfisviðmið og áhrifum á viðkomandi umhverfisþátt, en hann er sá sami og notaður var við mat á tillögu að landsskipulagsstefnu.

Tákn	Merking tákns
+	Samræmi – stefnan styður við viðkomandi umhverfisviðmið (jákvæð áhrif)
ó	Óverulegt – stefnan styður viðkomandi umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til
-	Ósamræmi – stefnan styður ekki eða gengur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði (neikvæð áhrif)
áev	Á ekki við – stefnan tengist ekki umhverfisviðmiðinu með beinum hætti

11.3 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Áhrif svæðisskipulagstillögunnar á einstaka umhverfisþætti eru í nær öllum tilvikum talin jákvæð út frá því að þau samræmast umhverfisviðmiðum. Svæðisskipulagstillagan í heild sinni er því talin geta haft jákvæð áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag. Þau tilvik þar sem stefna er talin styðja umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til, er hún sett fram með almennum hætti til nánari útfærslu í aðalskipulagi. Í engum tilvikum var greint ósamræmi við umhverfisviðmið. Sjá nánar í umhverfisskýrslunni sjálfri.

Umhverfisþáttur	Mat á samræmi við umhverfisviðmið
Berggrunnur	ó
Jarðvegur	+
Yfirborðsvatn	+
Grunnvatn	+
Jarðhiti	+
Sjór	+
Loft	ó
Gróður	+
Lífríki	+
Landslag	+
Menningarminjar	+
Sögur og sagnir	+
Mannauður og búseta	+
Íbúðarbyggð og frístundabyggð	ó
Samfélagsþjónusta	ó
Atvinnulíf	+
Stofnkerfi	+
HEILDARÁHRIF	+





Heimildir og ítarefni

Adolf Friðriksson (2011). Dysjar, leiði og haugar. Fornleifaathuganir í Saurbæ í Dölum 2007 og 2011. Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson, Roberts H. M. & Guðrún Alda Gísladóttir (2011). Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir á Skógarströnd 2011. Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson, Roberts H. M. & Guðrún Alda Gísladóttir (2011). Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir í Hörðudal 2011. Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, Roberts H.M., Garðar Guðmundsson, Mooney D.E. & Guðrún A. Gísladóttir (2011). Forn gröf á Skipaeyri í landi Kinnarstaða, A-Barðastrandarsýslu - Fornleifarannsókn 2011. Fornleifastofnun Íslands.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022.

Alta (2011). Íbúáþing í Dalabyggð. <http://dalabyggd.alta.is/home>

Alta (2014). Staðarandi Reykhóla. http://issuu.com/alta_ehf/docs/stadarandi_reykhola_prent

Alta (2015). Að búa í hagin – Samstarf til sóknar. Samantekt af samráðsfundi í Tjarnarlundi, haldinn 31. mars 2015. http://www.dalabyggd.is/Files/Skra_0071109.pdf

Alþingi (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026. <http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>

Alþingi (2012). Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022. <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1630.pdf>

Alþingi (2012). Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014. <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1629.pdf>

Alþingi (2009). Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013. <http://www.althingi.is/altext/136/s/0239.html>

Alþingi (2004). Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Alþingi (1995). Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995. <http://www.althingi.is/lagas/145a/1995054.html>

Arnkátla (2008). Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir árin 2008–2012. http://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/200891916241arnkatla_stefnumotun_08.pdf (sjá einnig <http://strandir.is/arnkatla-2008-formlega-stofnadur-a-morgun/>)

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi. http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_nefndar_um_landnotkun_b.pdf

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. <http://www.atvest.is/>

Atvest (2014). Greining á sjávarútvegi á Ströndum. Minnisblað um Strandabyggð, dags. 10. nóvember 2014. Unnið af Viktoríu Rán Ólafsdóttur og Shiran Þórisssyni.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (1999). Úttekt á stöðu og möguleikum ferðaþjónustu í Reykhólahreppi sumarið 1999. http://www.atvest.is/utgafa_og_skyrslur/skra/35/

Bátasmíðavefur Hjalta Hafþórssonar, <http://tile.is/>

Breiðfirðingafélagið. <http://www.bf.is/>

Breiðafjarðareyjar, áhugaverðir staðir. http://www.nat.is/travelguide/br_eyjar_eyjarnar_breidafirdi.htm

Breiðafjarðarfléttan. <http://www.flettan.is/>

Breiðafjarðarnefnd. <http://www.breidafjordur.is/>

Breiðafjarðarnefnd (2009). Menningarminjar á Breiðafirði. Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 17.-18. apríl 2009.

Byggðastofnun (2014). Stöðugreining Vesturlands og Stöðugreining Vestfjarða. <http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/stodugreiningar-landshluta>

Byggðastofnun (2016). Dreifing nautgripa á Íslandi. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgripaækt.pdf>

Byggðastofnun (2016). Dreifing sauðfjár á Íslandi. https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/dreifing_sauðfjarbua.pdf

Bændasamtök Íslands. <http://www.bondi.is>

Eva Kristín Dal (2008). Menningarminjar í Haukadalshreppi. Svæðisskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Eva Kristín Dal (2008). Menningarminjar í Laxárdalshreppi. Svæðisskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Ferðamálasamtök Vestfjarða. <http://www.vestfirskferdamal.is/>

Ferðamálasamtök Vesturlands. <http://www.ferdamalasamtok.is/landshlutasamtok/vesturland>

Ferðamálastofa (2015). Auðlindir ferðapjónustunnar. <http://www.ferdamalastofa.is/is/samstarf-og-markadir/markadsmal/kortlagning-audlinda>

Flatey á Breiðafirði. <http://www.flatey.com/>

Fjaran og hafið. <http://www1.nams.is/hafid/>

Fjórðungssamband Vestfirðinga. <http://fjorungssamband.is/>

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál. <http://fjorungssamband.is/samgongunefnd/>

Guðrún Alda Gísladóttir (2006). Fornleifarannsókn á Grettislaug á Reykhólum. Fornleifastofnun Íslands.

Guðrún Alda Gísladóttir (2008). Fornleifarannsókn að Hofstöðum í Þorskafríði. Fornleifastofnun Íslands.

Guðrún Alda Gísladóttir (ritstj.) (2009). Hergilsey. Fornleifastofnun Íslands.

Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson (2009). Framvinduskýrsla um fornleifarannsóknir í Öxney á Breiðafirði 2007. Fornleifastofnun Íslands.

Gistihúsið Nýp, Skarðsströnd, Dalabyggð. <http://nyp.is/>

Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir (2007). Örnefni í sjó á Breiðafirði. http://www.breidafjordur.is/Utgafa/ornefni_i_sjo_a_Breidafirdi.pdf

Gönguleiðir, Vestfirðir. http://www.nat.is/gonguleidiris/gonguleidir_vestfirdir.htm

Gönguleiðir um Lauga, heimahaga Guðrúnar Ósvífursdóttur. http://dalabyggd.is/Files/Skra_0067654.pdf

Greinargerð starfshóps til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku (2015). <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/150512-Sjavarorka-lokaskjal.pdf>

Guðmundur L. Hafsteinsson (2006). Porpið í Flatey á Breiðafirði. Byggða- og húsakönnun. Reykhólahreppur.

Hagstofa Íslands. <https://www.hagstofa.is/>

Háskólasetur Vestfjarða. <http://www.uw.is/>

Hildur Gestsdóttir & Oddgeir Isaksen (2010). Fornleifarannsóknir í Haukadal 2009. Fornleifastofnun Íslands.

Ingibjörg Benediktsdóttir (2015). Hver yrðu áhrif sameiningar Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar á þjónustu og stjórnsýslu? Lokaverkefni við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. http://skemman.is/stream/get/1946/21416/48148/1/Ingibj%C3%B6rg_Benediktsd%C3%B3ttir_lok0146.pdf

Landbúnaðarháskóli Íslands, Jarðvegsstofa. <http://jarðvegsstofa.lbhi.is/>

Landhelgisgæsla Íslands. <http://www.lhg.is/frettirogutgafa/frettir/nr/1471>

Landssamtök sauðfjrabænda. <http://www.sauðfe.is/>

Landssamband veiðifélaga. <http://www.angling.is/is/>

Laxar, laxveiði á Íslandi. <http://www.laxar.net/>

Magnús Freyr Ólafsson og Rósa Björk Halldórsdóttir (2012). Ferðapjónusta á Vesturlandi. Staða og stefna: 2012-2015. Markaðsstofa Vesturlands. http://www.west.is/static/files/PDF2014/stefnuskyslamv_30052012.pdf

Margret Herdís Einarsdóttir (2011). Ímyndarsköpun ferðapjónustu á jaðarsvæðum: Strandir sem áfangastaður ferðamanna. Lokaritgerð til BS-prófs. <https://skemman.is/handle/1946/8632>

Markaðsstofa Vestfjarða. http://fjorungssamband.is/markadsstofa_vestfjarda/ og <http://www.westfjords.is/is/>

Markaðsstofa Vesturlands. <http://www.west.is/is/frettir-af-innra-starfi>

Menningarmiðja Dalanna. <http://www.budardalur.is/>

Menningarráð Vestfjarða. <http://fjorungssamband.is/menningarrad/>

Menningarráð Vesturlands. <http://www.menningarviti.is/>

Minjastofnun Íslands, þ.m.t. vefsjár. <http://www.minjastofnun.is/>

Namur.is. Allt um efnistöku og frágang. http://www.namur.is/NAT_veiðivefur <http://nat.is/veidi/veidi.htm>

Natural England (2014). An Approach to Landscape Character Assessment. https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/396192/landscape-character-assessment.pdf

Natural England (2012). An Approach to Seascape Character Assessment. https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/396177/seascape-character-assessment.pdf

Námshagstofnun og Hafrannsóknastofnun. Fjaran og hafið, vefur með fróðleik um lífverur sem lifa í fjörum og hafinu. <http://www1.nams.is/hafid/index.php>

Náttúrufræðistofnun Íslands (2017). Vistgerðir á Íslandi.

Náttúrufræðistofnun (á.á.). Ár og vötn. <http://www.ni.is/jord/vatn/ar-og-votn>

Náttúrustofa Vestfjarða. <http://www.nave.is/>

Náttúrustofa Vesturlands. <http://nsv.is/>

Nýsköpunarmiðstöð Íslands. <http://nmi.is/>

Nýsköpunarmiðstöð Íslands (2014). Einstök íslensk upplifun: Vegur til vaxtar <http://www.einstokupplifun.is/> og <http://www.nmi.is/baekur/einstokupplifun/files/assets/common/downloads/Upplifunarhandbok-24-september.pdf>

Nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp og Jökulfirði 2014-2026. Lýsing áætlunar – 13.11. 2013. http://fjorungssamband.is/verkefni/isafjardardjup_og_jokulfirdir/

Orkustofnun (2006). Orkumál 2005 - Jarðhiti. <http://www.os.is/gogn/Orkumal-arsrit/Orkumal-Jardhiti-2006-2-3.pdf>

Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson (2009). Íslenskt jarðvegskort. http://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/jardvegskort_2.pdf

Óskar Leifur Arnarsson (2008). Menningarminjar í Miðdalahreppi, Dalasýslu. Svæðisskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Ráðstefna um framtíð ferðapjónustu á Vestfjörðum. [http://fjorungssamband.is/fjorungssambandid/ymsar_skyrslur/flokkur/131/](http://fjorungssamband.is/fjorungssambandid/ymrar_skyrslur/flokkur/131/)

Reykhólahreppur, vefur um staðarkennd og staðaranda í Reykhólahreppi. <http://reykholahreppur.com/>

Rögnvaldur Guðmundsson (2015). Ferðmenn í Dalabyggð 2004-2014. Samantekt unnin fyrir Dalabyggð af Rannsóknnum og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf.

Salvör Jónsdóttir (2012). Landbúnaðarland í skipulagsáætlunum. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/landb_land_skipulagsaaetlunum_sj_2011.pdf

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti. Samþykkt maí 2017. http://www.fjorungssamband.is/umhverfisvottun/sameiginleg_stefna_sveitarfelaganna/

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005–2020. http://www.dalabyggd.is/Files/Skra_0044370.pdf

Samgönguáætlun 2015–2026. Greinargerð með tillögu samgönguráðs. DRÖG. <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/SGA-Drog--28.-september.pdf>

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. <http://www.ssv.is>

Sauðfjársetur á Ströndum, <http://www.strandir.is/saudfjarsetur/>

Sigrún Inga Garðarsdóttir & Andrea S. Harðardóttir (2006). Menningarminjar í Saurbæjarhreppi. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsstofnun (2015). Skipulag og ferðamál – hugmyndahefti. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Skipulag_og_ferdamal.pdf

Skipulagsstofnun (2014). Skipulagsmál á Íslandi. Lykilmælikvarðar og fyrirbyggjandi áætlanir. <http://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun (2014). Um skipulag haf- og strandsvæða. Löggjöf, lykilhugtök og stjórntæki. <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-haf--og-strandsvaeda-lokautgafa.pdf>

Skipulagsstofnun (2010). Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í umhverfismati. http://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/okt2010_Leidbeiningarblad_10_-matslysing.pdf

Skólaverkefni um rækjur. http://www.holmavik.is/skoli/raekjuvefur/raekjur_i_poka.htm

Snerpa.is - Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar (2000). Tröllin á Vestfjörðum. <https://www.snerpa.is/net/thjod/troll-ve.htm>

Sóknaráætlun Vestfjarða 2015–2019. <http://www.vestfiridir.is/Uppbyggingarsjodur/>

Sóknaráætlun Vesturlands 2015–2019. http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=60253&tre_rod=001%7C014%7C&tld=1

Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu (2014). Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting. Áfangaskýrsla. https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/sk140324_landnotkun_afangaskyrsla.pdf

Stefán Ólafsson (ritstj.) (2009). Akureyjar. Aðalskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Stefán Ólafsson (2009). Kirkjur og bænhus í Austur-Barðastrandarsýslu. Fornleifastofnun Íslands.

Stefán Ólafsson (ritstj.) (2012). Skáleyjar. Aðalskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010 – 2015. http://atvest.is/utgafa_og_skyrslur/skra/31/

Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum (2007). <http://www.vestfiridir.is/menningarrad/stefnumotun/>

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fyrstu skref 24. maí 2016. http://fjordungssamband.is/stefnumotun_sveitarfelaga/skjol_tengd_stefnumotun/flokkur/152/

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Lokaútgáfa október 2016. https://www.atvest.is/greiningar_utgafa_skyrslur/skra/96/

Stefnumótun Strandabyggðar 2016, frétt um framgang vinnunnar. http://strandabyggd.is/frettir/Stefnumotun_i_Strandabyggd_2016/

Stefnumótun vestfirskrar ferðabjónustu 2016–2020. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða og Markaðsstofa Vestfjarða. https://www.atvest.is/greiningar_utgafa_skyrslur/skra/95/

Strandagaldur. <http://www.galdrasyning.is/>

Strandir.is. <http://strandir.is/>

Umhverfisstofnun (á.á.). Friðlýst svæði - Breiðafjörður. <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/friðlyst-svaedi/vesturland/breiðafjorður/>

Umhverfisstofnun (2013). Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatn. <https://ust.is/einstaklingar/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/#Tab6>

Umhverfisvottun Vestfjarða. http://fjordungssamband.is/verkefni/umhverfisvottun_vestfjarða/

Vatnavinir. <http://www.vatnavinir.is/projects/the-westfjords/>

Vaxtarsamningur Vesturlands. http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?Sid_Id=51159&tld=1&Tre_Rod=&qsr

Vegagerðin, vegaskrá. <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/> og <http://vegasia.vegagerdin.is/>

Vegvísir í ferðabjónustu. <http://ferdamalastefna.is/>

Veisla að vestan. http://atvest.is/veisla_ad_vestan/

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014–2019. https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Breiðafjorður_verndaraaetlun_2014-2019_minnkad.pdf

Vestfirskar heiðar. http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_vestf_hei%C3%B0ar.htm

Vesturferðir. <http://www.vesturferdir.is/>

Vital Rural Area: Branding Rural Areas: Motives, Measures and Management. <http://www.vitalruralarea.eu/scientific-articles/239-branding-rural-areas-motives-measures-and-management>

Vífill Karlsson og Anna Steinsen (2014). Íbúakönnun á Vesturlandi, Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. http://ssv.is/Files/Skra_0067148.pdf

Vísindavefurinn (2015). Af hverju er jarðhiti svona víða á Vestfjörðum? <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70356>

VSÓ ráðgjöf, (2009). Skilgreining ferðamannaleiða og ferðamannavega. Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar, <http://www.vso.is/islandsvegir/pdf/Skilgreining-ferdamannaleida-feb2009.pdf>

Westfjords Adventure. <http://westfjordsadventures.com/>

Þjóðminjasafn Íslands (1999). Leitin að týndu lauginni. Sælingsdalslaug. Rannsóknarskýrslur. Guðmundur Ólafsson.

Þóra Pétursdóttir (2008). Menningarminjar í Skógarstrandahreppi. Svæðisskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Þóra Pétursdóttir (2009). Menningarminjar í Hörðudalshreppi. Svæðisskráning fornleifa. Fornleifastofnun Íslands.

Umsagnaraðilar

- Aðliggjandi sveitarfélög: Árneshreppur, Kaldraneshreppur, Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur, Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, Borgarbyggð og Húnaþing vestra
- Önnur sveitarfélög við Breiðafjörð: Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær og Vesturbyggð
- Arnarsetur Íslands, Króksfjarðarnesi
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið; skrifstofa matvæla, landbúnaðar og byggðamála; skrifstofa sjávarútvegs- og fiskeldis; skrifstofa viðskipta, nýsköpunar og ferðapjónustu; skrifstofa iðnaðar og orkumála
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
- Bata- og hlunnindasýningin Reykhólum
- Björgunarsveitin Heimamenn
- Björgunarsveit Strandabyggðar
- Björgunarsveitin Ósk
- Breiðafjarðarnefnd
- Breiðfirðingafélagið
- Búnaðarfélag Hvammsfjarðar
- Búnaðarfélag Hörðudals
- Búnaðarfélag Laxárdals
- Búnaðarfélag Miðdæla
- Búnaðarfélag Reykhólahrepps
- Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
- Búnaðarsamband Vestfjarða
- Búnaðarsamtök Vesturlands
- Byggðasafn Dalamanna
- Byggðastofnun
- Dreifnám FSV á Hólmavík
- Dreifnám Menntaskóla Borgarfjarðar í Búðardal
- Eiríksstaðir í Haukadal
- Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfjarða um samgöngumál og fjarskipti
- Ferðamálastofa
- Ferðamálasamtök Vesturlands
- Ferðamálasamtök Vestfjarða
- Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi
- Félag eldri borgara í Strandasýslu
- Fjórðungssamband Vestfirðinga, stjórn
- Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna
- Framfarafélag Flateyjar
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Galdrasýning á Ströndum
- Grunnskólar sveitarfélaganna
- Hafrannsóknastofnun
- Háskólasetur Vestfjarða
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Hestamannafélagið Glaður
- Héraðssamband Strandamanna
- Innanríkisráðuneytið, skrifstofa samgangna
- Innanríkisráðuneytið, skrifstofa sveitarfélaga
- Isavia
- Íslandsstofa
- Leikskólar sveitarfélaganna
- Leifsbúð Búðardal
- Landsnet
- Landvernd
- Markaðsstofa Vestfjarða
- Markaðsstofa Vesturlands
- Mátis
- Menningarráð Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Minjavörður Vestfjarða
- Minjavörður Vesturlands
- Náttúrubarnaskólinn
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Náttúrustofa Vesturlands
- Nefndir og ráð sveitarfélaganna
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Orkubú Vestfjarða

- Ólafsdalsfélagið
- Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum
-Þjóðfræðistofa
- RARIK, Búðardal
- Samgöngustofa
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Sauðfjársetur á Ströndum
- Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Skipulagsnefnd kirkjugarða
- Skipulagsstofnun
- Skíðafélag Strandamanna
- Skógræktin
- Skógræktarfélag Dalasýslu
- Skógræktarfélagið Björk
- Sorpsamlag Strandasýslu
- Steinshús, Nauteyri
- Stjórnstöð ferðamála
- Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness
- Sögufélag Dalamanna
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Ungmennaráð Strandabyggðar
- Ungmennasamband Dala- og Norður-
Breiðfirðinga
- Uppbyggingarsjóður Vestfjarða,
úthlutunarnefnd
- Upplýsingamiðstöðin Flatey
- Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Búðardal
- Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík
- Upplýsingamiðstöðin á Reykhólum
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Veiðifélag Laxdæla
- Vestfjarðanefndin, fulltrúi Stranda og
Reykhólahrepps
- Vör, sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð
- Þaulsetur á Skarðsströnd
- Æðarræktarfélag Ísland